



FRÉTTABLAÐIÐ

20. maí 2005 - 132. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Gróttu og KR sundrast

Handboltasamstarf Gróttu og KR hefur liðið undir lok eftir að aðalstjórn Gróttu ákvað að slíta samstarfinu í gær. KR mun því ekki senda meistara-flokka til keppni næsta vetur. **ÍPRÓTTIR 26**



Ekki tímabært

Það er ótímabært að taka af skarið um það hvort næsta ál- ver verður á Norðurlandi eða Suðurlandi. Raunar er ekki tímabært að segja neitt um það hvort stóriðja eigi yfirhöfuð að rísa á þessum slóðum. Þetta segir Birgir Guðmundsson í grein í blaðinu í dag. **UMRÆÐA 20**



Hver verður Eyvindur Stormur?

Einar og Óskar skrifuðu uppkast að kvikmyndahandriti fyrir Storm. **FÓLK 42**

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIDRI sunnan og vestan til en skýjaðra á Norðaustur- og Austurlandi þar sem búast má við stöku eljum. Hiti 0-12 stig að deginum, mildast suðvestan til. Næturfrost. **VEÐUR 4**

Hafði gert ráðstafanir

Kona sem bannað hefur verið að ættleiða segist vita um ábyrgðina sem því fylgi að vera einhleyp með barn. Hún var búin að útvega stuðning.

DÓMSMÁL Lilja Sæmundsdóttir, einhleyp kona sem dómsmálaráðuneytið synjaði um að ættleiða barn frá Kína, kvaðst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær hafa tilnefnt stuðningsfjölkskyldu við sig og barn sitt í því tilfelli að eitt-hvað kæmi upp á. Þetta hafi hún gert strax í upphafi umsóknarferlisins, en einhleypu fólki sem sækta um ættleiðingu væri skylt að gera slíkt. Hún kvaðst fullkomlega með-vituð um þá ábyrgð sem því fylgi að vera einhleyp með barn.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær var megin-ástæða synjunar ráðuneytisins á ættleiðingarumsókn Lilju sú, að hún væri of þung miðað við hæð. Lilja rakti að-stæður sínar fyrir dómi í gær. Fram kom að hún hefur stundað fjölbætt fram-haldsnám í kennslu og sérkennslu fyrir fötluð börn. Þá kvaðst hún hafa



LILJA SÆMUNSDÓTTIR Lilja rakti samskipti sín við ættleiðingarnefnd og dómsmálaráðuneytið fyrir dómi í gær. Henni er meinað að ættleiða barn.

starfað mikið með börnum, meðal annars sem stuðningsfjölkskylda átta ára þroskaheftrar stúlku. Nú væri hún í hálfu starfi við kennslu í Verkmenntaskólann á Akureyri og hálfu starfi sem deildarstjóri hjá Fjölmennt.

Lilja kvaðst vera sérlega heilsuhraust og aðeins tvisvar hafa verið frá vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 10 árum, í annað skiptið vegna handleggis-brots og hið síðara vegna flensu. Hún hefði stundað líkamspjálfun undanfarin ár og hugað vel að mataræði. Hún reykti ekki og neytti sjaldan áfengis.

Þá rakti Lilja samskipti sín við ættleiðingarnefnd og dómsmálaráðuneytið, en barnaverndarnefnd Eyjafjarðar hafði talið hana „sérstaklega hæfa umfram aðra til að ættleiða barn.“ eins og segir í stefnunni. Ráðuneytið sagði hún að hefði í ferlinu lagt áherslu á þyngd hennar til að byrja með en síðan aldurrinn einnig. Þegar ættleiðingarferlið hófst var Lilja 45 ára gömul. Fram kom að ráðuneytið hefði leitað til ættleiðingarnefndar, sem aldrei kallaði Lilju til viðtals, en það hafði barnaverndarnefnd gert. Ættleiðingarnefnd kvaðst ekki geta mælt með samþykki umsóknarinnar. Lilja sagði ráðuneytið hafa kallað eftir heilbrigðisvottorði varðandi hana, þótt slíkt vottorð lægi þegar fyrir. Þá kvaðst hún hafa þurft að ganga eftir að fá gögn um mál sitt bæði frá ættleiðingarnefnd og dómsmálaráðuneytinu.

Sjá nánar bls. 2
jss@frettabladid.is



SELMA STÓÐ SIG VEL Áhorfendurnir 5000 í Íþróttahöllinni í Kænu-garði fögnuðu Selmu innilega. Hún hlaut þó ekki náð fyrir augum þátttakenda í evrópsku símakosningunni.

Selma komst ekki áfram í Evróvisjónkeppninni: Niðurstaðan er hlægileg

EVROVISJÓN Íslendingar verða ekki í hópi þeirra þjóða sem taka þátt í úrslitum Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva annað kvöld. Selma Björnsdóttir keppti fyrir Íslands hönd í forkeppni sem var haldin í Kænu-garði í Úkraínu í gærkvöldi en var ekki á meðal þeirra tíu flytjenda sem komust áfram. „Það er náttúrulega ekki hægt annað en að hlæja að þessari niðurstöðu,“ sagði Selma þegar

úrslitin lágu fyrir. „Við erum hins vegar ótrúlega sátt með okkar frammistöðu og okkur gekk mjög vel á sviðinu. Við gerðum okkar besta og það er ekkert í þessu ferli sem ég hefði viljað breyta.“

Selma segir landslagið hafa breyst í keppninni frá því hún tók síðast þátt. „Ég kann ekki við það, þetta er orðinn sirkus og það að Ísland og Holland komust ekki áfram er hneyksli.“

ALLA HELGINA
Krakkadagar

Frábær dagskrá og tilboð fyrir krakkana

Fóru inn á verndað hverasvæði: Fjölkskylduhundur drapst í hver við Flúðir

SLYS „Þetta var hræðileg lífs-reynsla,“ segir Berglind Ágústsdóttir en hundtík hennar stökk ofan í hver og drapst á Flúðum í síðustu viku. Eiginmaður Berglindar varð svo fyrir annars stigs bruna á fæti þegar hann sótti dýrið í hverinn. Berglind segir svo frá að hún hafi farið ríðandi fram hjá skurði sem hún telur að sé um hálfur metri á breidd og svipaður að dýpt en nokkuð langur og liggja meðfram gróðurhúsi. Tíkin var í fylgd með henni en svo heyrði Berglind einhver hljóð og læti svo hún stað-næmdist og kallaði á tíkina sem lét

ekki á sér bera. Fór hún þá að leita og kom að hundinum dauðum í sjóðandi vatni í skurðinum. Tíkin var írskur setter og var kölluð Kasmír. Hannibal Kjartansson hitaveitustjóri segir hins vegar að atvikið hafi átt sér stað á friðlýstu hverasvæði og sé það girt af að hluta. Hundurinn hafi því stökkið í hver en ekki skurð við gróðurhús. Kjartan Helgason garðyrkju-bóndi er eigandi landsins þar sem atvikið átti sér stað. Hann segir svæðið ekki afgirt eða merkt en vegur liggur í gegnum það. Hann



IRSKUR SETTER Samskonar hundur drapst í hver á Flúðum í síðustu viku.

segir að hingað til hafi engum dulist að þarna væru hættulegir hverir og því ekki þurft að merkja það sérstaklega. Berglind segist ekki hafa hugsað sér aðra eftirmála en þá að komið verði í veg fyrir að svona lagað geti endurtekið sig. **-jse**

SIDEWAYS

1.999,-
komin á DVD!

Taktu þátt í Ícelandair-leiknum í verslun Skífunnar!

S.K.I.F.A.N
...skemmtir þér :)

ICELANDAIR
www.icelandair.is



SPURNING DAGSINS

Vala, er útlit fyrir frekara innlit?

„Það kemur í ljós í haust.“

Vala Matt sjónvarpskona hættir bráðum með þáttinn Innlit/útlit á Skjá einum og byrjar á nýrri sjónvarpsstöð í haust.



JÓNA TH. VIÐARSDÓTTIR Nýr formaður Hundaræktunarfélags Íslands.

Hundaræktunarfélagið:

Nýr formaður kjörinn

FORMANNSLAGUR Aðalfundur Hundaræktunarfélags Íslands fór fram í gær. Jóna Th. Viðarsdóttir var kjörin formaður félagsins eftir að hafa fengið yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, eða 74%.

Mótframbjóðandi hennar, Guðmundur Helgi Gunnlaugsson, fékk rétt um 25% atkvæða og var því nokkuð langt frá því að ná kjöri.

Jóna segir starfsemi félagsins í miklum blóma og það sé ekkert út á störf forvera síns að setja. Hún ætli sér að halda áfram því góða starfi sem unnið hafi verið undanfarin ár.

Metfjöldi er nú í félaginu og segir Jóna framtíðina bjarta þar sem áhuginn á hundum virðist fara vaxandi.

-mh

Ölvaður maður með uppsteyt:

Réðist á lög-reglumann

LÖGREGLUMÁL Lögreglu maður á Eskifirði stöðvaði í fyrrakvöld mann við reglubundið eftirlit. Þegar maðurinn steig út úr bílnum stafaði frá honum megn áfengislykt og upphöfust átök þegar hann streittist á móti handtöku.

Varðstjóri á frívakt kom aðvifandi og aðstoðaði við handtökuna og fær mál mannsins hér eftir hefðbundna meðferð. Það vakti athygli lögreglu að þrátt fyrir að margir vegfarendur yrðu varir við átökin kom enginn lögreglumanninum til hjálpar.

-óá

Chirac berst mikilvægur liðsstyrkur:

Frakkar eru hvattir til að segja já

NANCY, AP Leiðtogar Þýskalands og Póllands hvöttu í gær franska kjósendur til að leggja blessun sína yfir stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrársáttmála ESB fer fram í Frakklandi 29. maí næstkomandi. Á dögnum virtust fylgjendur plaggins vera að sækja í sig veðrið en að undanförunu hafa andstæðingar þess spýtt í lófana.

Í gær fundu Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, og Alexander Kwasniewski, forseti Póllands, með Jacques Chirac Frakklandsforseta. Fund-

urinn átti að vera um ýmis mál en snerist á endanum nær eingöngu um þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Á blaðamannafundi hvöttu þremmingarnir franska kjósendur eindregið til að greiða stjórnarskrársáttmálanum atkvæði sitt. Chirac sagði útilokað að samið yrði upp á nýtt um inn-tak sáttmálans ef þjóð sín hafnaði honum og Schröder sagði að Frökkum bæri síðferðisleg skylda til að segja já. Kwasniewski sagði aftur á móti að Frakkar þyrftu ekki að óttast að landið fylltist af Pólverjum í atvinnuleit ef þeir samþykktu plaggið. ■



KWASNIEWSKI, CHIRAC OG SCHRÖDER Leiðtogafundur þeirra snerist á endanum eingöngu um þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Barnungar stúlkur seldar mansali

Grunur leikur á skipulögðu mansali í máli kínverskra ungmenna sem stöðvuð voru á Keflavíkurflugvelli í vikunni. Ungmennin komu hingað með vegabréf frá Singapur á leið til Bandaríkjana.

LÖGREGLUMÁL Fjögur ungmenni voru handtekin með ólögleg vegabréf á Keflavíkurflugvelli á leið til Bandaríkjana síðasta þriðjudag. Að sögn Jóhanns R. Benediktssonar, sýslumanns á Keflavíkurflugvelli, voru ungmennin á leið frá London til Bandaríkjana með fylgdarmanni sem einnig var handtekin. Hann hefur nú verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til föstudagsins 27. maí grunaður um mansal. „Það liggur nær ljóst fyrir að tilgangurinn var að komast ólöglega til Bandaríkjana,“ segir Jóhann.

„Vegabréfin eru ófölsuð, svokölluð sviplík vegabréf þar sem myndin í vegabréfunum líkist mjög ungmennunum. Þetta eru ein erfiðustu tilfellin sem koma upp“, segir Jóhann. Fólkið er búið að vera á ferðalagi síðan í lok mars og hefur því komið víða við á leiðinni til Bandaríkjana. „Við komumst að því þegar verið var að grenslast fyrir um málið að stúlkurnar

voru í för með manningum eru allar undir lögaldri,“ sagði Eyjólfur Kristjánsson fulltrúi sýslumanns.

Sveinn Andri Sveinsson er skipaður verjandi fylgdarmannsins og var fyrst um sinn réttargæslumaður tveggja stúlkanna. Hann segir að um leið og upp komst um aldur stúlkanna sem eru sennilega fæddar um 1989 hafi yfirheyrslum verið hætt og stúlkunum komið í umsjá barnaverndaryfirvalda.

Fólkið þurfti ekki að fara í gegnum hefðbundið vegabréfaeftirlit þar sem það kom frá London sem er utan Schengen-svæðisins og var á leið til Bandaríkjana sem einnig er utan Schengen og fór því ekki út fyrir neðri hæð nýju flugstöðvarbyggingarinnar. Það var því fyrir árveki starfsmanna sýsluembættisins að fólkið var gripið en ekki hefðbundið eft-



SVEINN ANDRI SVEINSSON

irlit.

Tilfelli sem þetta hafa áður komið upp hér á landi og vilja yfirvöld senda þeim sem stunda ólöglega fólksflutninga þau skilaboð að hart sé tekið á slíkum málum hér. Stjórnvöld hafa nýverið undirritað samkomulag um að hefta mansal og í því samkomulagi er fólgið að réttindum fórnarlamba mansals skuli sýna virðingu. Jóhann R. Benediktsson segir svo munu vera í þessu máli.

oddur@frettabladid.is

þrjár sem



JÓHANN R. BENEDIKTSSON Fjögur ungmenni voru á þriðjudag handtekin á Keflavíkurflugvelli á leið til Bandaríkjana.

Ragnar Aðalsteinsson lögmaður Lilju:

Átelur ráðuneytið

DÓMSMÁL „Það viðhorf gagnvart um-bjóðanda mínum einkennir máls-meðferð dómsmálaráðuneytisins, að hún sé með einhverjum hætti öðruvísi en annað fólk,“ sagði Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, sem fór með mál Lilju Sæmundsdóttur, fyrir Héraðsdómi í gær, en Lilju var sýnað um að ættleiða barn frá Kína og leitar nú til dómstóla í von um að fá ákvörðuninni hnekk.

Hann átalði vinnubrögð ráðuneytisins og seinangang við vinnslu umsóknar Lilju. Hann sagði ráðuneytið miða allt við meðaltöl, án tillits til ákveðinna þátta. Þannig mætti upplýsa að Lilja hefði lagt fram mælingu Hjartaverndar þar sem miðað væri við þyngd hennar, aldur, blóðþrýsting og fleira. Útkoman hefði verið sú að 1,45 prósent líkur væru á því að hún fengi kransæðasjúkdóm á næstu tíu árum. Sömu mælingar hefðu verið settar inn í líkan þar sem líkamsþyngdin



LILJA SÆMUNSDÓTTIR Lilja var glaðbeitt í Héraðsdómi í gær þrátt fyrir móttætið og vonbrigðin sem hún hefur orðið fyrir.

hefði verið 30 kílóum minni. Þá hefðu líkurnar verið 1,38 prósent. Mismunurinn hefði verið 0,07 prósent.

Ragnar krafðist þess að úrskurður ráðuneytisins yrði felldur úr gildi og viðurkennt yrði fyrir dómi að Lilja uppfyllti öll skilyrði til að ættleiða barn frá útlöndum. Verjandi ríkisins, Sigurður Gísli Gíslason, héraðsdómsslögmaður, krafðist þess að það yrði sýknað af öllum kröfum.

-jss



FLOSI EIRÍKSSON

Formannskjör:

Helmingurinn greiddi atkvæði

SAMFYLKINGIN Kosningu í formannskjöri Samfylkingarinnar lauk klukkan sex í gærkvöldi en þá höfðu rúmlega 11.000 atkvæði borist kjörstjórn flokksins.

Ríflega tuttugu þúsund kjörseðlar voru sendir til flokksmanna á sínum tíma og benda bráðabirgðaniðurstöður því til að um helmingur atkvæðisbærra manna hafi tekið þátt í kjörinu.

Flosi Eiríksson, formaður kjörstjórnar, sagðist ekki hafa forsundur til að meta hvort þátt-takan hafi verið góð eða slæm þar sem sambærileg kosning hefur ekki farið fram áður. Hins vegar var hann ánægður með framkvæmdina. „Ég held að þessi kosning hafi verið bæði flokknum og frambjóðendum til sóma.“

Úrslitin verða svo tilkynnt á hádegi á morgun, á landsfundum Samfylkingarinnar.

-shg

Skattsvik tengd lífsstíl:

Fimm bera af sér sakir

DÓMSMÁL Fimm menn, þar af fjórir sem hlotið hafa dóma í svokölluðu Landssímamáli, báru af sér sakir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir eru sakadír um að hafa svikið undan skatti í rekstri fjölda fyrirtækja sem rekin voru undir hatti Lífsstíls ehf. Alls er ákært fyrir 56 milljónir króna af virðisauka- og vörslusköttum sem ekki skiluðu sér.

Auk Kristjáns Ragnars Kristjánssonar, Árna Þórs Vigfússonar, Sveinbjörns Kristjánssonar og Ragnars Orra Benediktssonar sætir ákæru fyrrum framkvæmdastjóri Japis sem gegndi starfinu frá 9. nóvember 2000 til 31. júlí 2002. Aðalmeðferð heldur áfram í Héraðsdómi í dag.

-aöe

RÚSSLAND

REFSING KHODORKOVSKYS MÖGULEGA MILDUÐ Dómarar við dómstólinn í Moskvu héldu í gær áfram dómuppkvaðningu sinni yfir auðjöfrunum Mikhail Khodorkovsky og Platon Lebedev en frestuðu svo lestrinum til dagsins í dag. Einn dómara sagði að mögulega yrði lágmarksrefsing Khodorkovsky lækkuð úr fimm ára í fjögurra ára fangelsi.

Alltaf hagstætt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

www.kblif.is

Nú erum við KB LÍF

Elsta starfandi líftryggingafélag á Íslandi, Alþjóða líftryggingarfélagið hf., hefur skipt um nafn og heitir nú KB líf. Félagið býr að mikilli reynslu á sínu sviði og mun halda stöðu sinni sem brautryðjandi í þróun persónutrygginga á Íslandi. Félagið, sem er nú alfarið í eigu KB banka, leggur áherslu á nýsköpun og frumkvæði og hyggst eflast og vaxa með hag viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Góð tryggingavernd hjá okkur veitir þér öryggi — og betra líf.

Helstu samstarfsaðilar okkar eru KB banki, SPRON og Sparisjóðurinn.



KB LÍF
– betra líf

Allt í steik! um helgina

Kjöt & fisktorgið

40%
afsláttur við
kassa



Frosnar
nautalundir
frá Nýja Sjálandi

TILBOÐ
2.387 kr/kg
Merkt verð 3.979,-

Holta-
kjúklingur

25%
afsláttur við
kassa



ferskar
Kjúklingalundir

TILBOÐ
1.571 kr/kg
Merkt verð 2.095,-



Bezt helgarsteik
m/sólpurkuðum tómötum

TILBOÐ
799 kr/kg
Verð áður 1.198,-

Fóir
FEL



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar
í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



TILBOÐ
139 kr/stk
Verð áður 195,-

Pepsi, Diet Pepsi, Pepsi Max
- 2 lítra



TILBOÐ
699 kr/stk
Verð áður 899,-

Salzburg tertur, 3 tegundir



TILBOÐ
199 kr/stk
Verð áður 249,-

Ananas ferskur og frískandi
- tilvalinn á grillið

Gildir til 22. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Á að reisa fleiri álver hérlendis?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	39%
Nei	61%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Myndir þú frekar kaupa bíl sem gengur fyrir disilólíu en bensini?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Smáey VE fer í Reykjavíkurslipp í dag:

Strandaði á hættulegu skeri

SLYS Smáey VE strandaði á Faxaskeri, rétt utan við hafnarmynni Vestmannaeyja, um klukkan fjögur í fyrrinótt. Engan sakaði og fljótlega tókst að losa skipið af skerinu.

Smáey varð fyrir mun meiri skemmdum en talið var í fyrstu. Kafarar könnuðu ástand skipsins í gær og kom þá í ljós að um það bil metra löng rífa er á kilinum fyrir neðan stafn skipsins.

Lögreglan tók skýrslu af áhöfn við komuna í Vestmannaeyjahöfn en málið á eftir að fara fyrir sjórétt.

„Það má þakka Guði fyrir að

ekki fór verr,“ sagði Magnús Kristinsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins Bergur-Huginn sem gerir skipið út. „Á þessu sama skeri hafa tvö af verstu sjóslysum Vestmannaeyja átt sér stað þar sem engin mannbjörg varð.“

Smáey er nú á leið til Reykjavíkur í slipp og er búist við því að það taki upp undir viku að gera við skemmdirnar.

Smáey er 200 brúttólesta ís-fisktogari. Ellefu manna áhöfn var á skipinu þegar atvikið átti sér stað en engin slys urðu á mannskap.



SMÁEY VE Smáey fer í Reykjavíkurslipp í dag til viðgerða en skipið strandaði á Faxaskeri við mynni Vestmannaeyjahafnar í fyrrinótt

-jse

Morðárás í Kristjaníu:

Grunaður handtekinn

DANMÖRK Danska lögreglan hefur handtekið mann grunaðan um að eiga þátt í manndrápi í Kristjaníu í síðasta mánuði. Þá skutu grímu-klæddir menn á hóp fólks með þeim afleiðingum að einn lést og þrír særðust.

Árásin er talin tengjast átökum milli glæpahópa um yfirráð yfir sölu eiturfylfa í Kaupmannahöfn, en eftir að sölubúðum hasskaupmanna í Kristjaníu var lokað í fyrria hafa átök milli eiturfylfjalsala færst í aukana. Annar maður hefur verið í haldi dönsku lögreglunnar í nokkurn tíma vegna sömu árásar. ■

Sean Hoey:

Ákærður fyrir Omagh-tilræði

BELFAST, AP Saksóknari á Norður-Írlandi hefur birt Sean Hoey sem talinn er vera félagi í Sanna írsku lýðveldishernum 61 ákæru fyrir margvísleg afbrot, þar á meðal sprengjutilræði í Omagh árið 1998 sem kostaði 29 mannlíf.

Hoey bíður einnig réttarhalda vegna 20 annarra ákæra, en í kær-unum sem honum voru birtar í gær eru 29 morðákæru, ein fyrir hvert fórnarlambanna í Omagh. Hann er fyrstur fyrir dóm vegna hryðjuverksins. ■

Starfsmenn Alcan rísa gegn stjórnendum

Trúnaðarráð krefst þess að stjórnendur láti af þeirri ómannúðlegu stefnu að segja starfsmönnum upp án ástæðu og skýringa. Alcan segir löglega að uppsögnunum staðið.

STARFSMANNAMÁL Trúnaðarráð verkalýðsfélaga starfsmanna hjá Alcan mótmæla harðlega tilefnislausum uppsögnum fimm starfsmanna sem unnið höfðu lengi og farsælega fyrir fyrirtækið. Í ályktun sem trúnaðarráðið sendi stjórnendum Alcan segir að uppsagnirnar veki upp spurningar um hvort skoðanir manna eða um-mæli þeirra séu hin raunverulega ástæða uppsagnanna. Enn fremur er skorað á stjórnendur fyrirtækisins að láta af þeirri ómannúðlegu stefnu að segja starfsmönnum upp án undangenginna aðvarana og fullnægjandi skýringa. Þetta er sagt vera brot á kjara-



RANNVEIG RIST Forstjóri Alcan

MARKÚS KRISTJÁNSSON Fv. starfsmaður



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Starfsmenn í Straumsvík hafa nú sent yfirmönnum sínum tóninn vegna uppsagna sem þeir lýsa sem ólöglegum og ómannúðlegum.

samningi og samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

„Þeir gátu notað starfsmennina í áratugi en svo er þeim sagt upp fyrirvaralaust, það eru vinnubrögð sem við erum mjög ósáttir við,“ sagði Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar. Hann segir vinnubrögð Alcan stangast á við starfsreglur sem fyrirtækið hafi sjálft sett sér.

Hrannar Pétursson upplýsingafulltrúi Alcan segir að uppsagnirnar fimm tengist engan veginn innbyrðis og vísar öllum getgátum um slíkt á bug. Enn fremur segir hann að löglega hafi verið staðið að uppsögnunum og ákvæði um kjarasamninga hafi ekki verið brotin.

Hann vil ekki tjá sig um uppsagnir einstakra aðila en segir að

í einstaka tilfellum þurfi að koma til uppsagnar þar sem starfsmaður eigi ekki samleið með fyrirtækinu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur fimm starfsmönnum verið sagt upp frá því 1. mars og þykir starfsmönnum afar ómannúðlega að uppsögnunum staðið. Til dæmis hafi tveimur mönnum verið tilkynnt um uppsögn þeirra í síma og var þá annar í sjúkrameðferð vegna meints vinnuslyss. Einnig sagði Markús Kristjánsson frá því að honum hafi verið sagt upp tilefnislaus og án skýringa og verið svo fylgt af öryggisvörðum út fyrir vinnusvæðið.

Fleiri fyrrverandi starfsmenn Alcan höfðu samband við Fréttablaðið og sögðu að þessi vinnubrögð stjórnendanna hefðu viðgengist lengur en frá 1. mars. Þeim hafði verið sagt upp fyrirvaralaust, fengið fylgd öryggisvarða út fyrir svæðið þar sem beid þeirra leigubíll sem fór með þá heim. jse@frettabladid.is

Grill við sundlaugarbakkann - frábær stemming



STARFSMANNAFÉLÖG - FÉLAGASAMTÖK
VINAHÓPAR - FYRIRTÆKI - KLÚBBAR

Langar ykkur að prófa eitthvað nýtt og spennandi? Hafið samband og fáið tilboð í grillveislu við sundlaugarbakkann. Ótal afþreyingarmöguleikar í nágrenninu, m.a. golfvöllur, tennisvellir, hestaleiga.

Upplýsingar og pantanir
í síma 483 4700
info@hotel-ork.is



RÚNAR BEN MAITSLAND Hæstiréttur mildaði dóm yfir bræðrunum Rúnari Ben og Davíð Ben Maitsland.

Bræður smygluðu 27 kílóum af kannabisefnum:

Dómurinn mildaður

DÓMSMÁL Hæstiréttur mildaði dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir tvíburabræðrunum Rúnari Ben og Davíð Ben Maitsland. Þeir höfðu áður verið dæmdir í fimm ára og fjögurra og hálf árs fangelsi fyrir smygl á 27 kílóum af kannabisefnum frá Þýskalandi hingað til lands í ellefu ferðum. Hæstiréttur mildaði dómana þannig að Rúnar var dæmdur í fjögur og hálf ár en Davíð í þrjú. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skilaði sératkvæði. Í meirihlutaálitni dómsins var

aðallega stuðst við vitnisburði annarra málsaðila fyrir þýskum dómstólum. Einnig var stuðst við hleranir á símtölum. Fíkniefnin sjálf hafa hins vegar aldrei fundist og engin sönnunargögn liggja fyrir um það hvað á að hafa orðið af þeim.

Í sératkvæði Jóns Steinars leggur hann til að bræðurnir séu sýknaðir af öllum ákæruatriðum einmitt á þeim forsendum að efnin hafi aldrei fundist og að ekkert liggi fyrir um hugsanlegan gróða bræðranna af sölu þeirra. - óá

Norðurland:

Stal bíl og bensíni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Blönduósi hafði hendur í hári manns sem hafði stolið bíl frá Akureyri í fyrradag.

Upp komst um þjófnaðinn þegar maðurinn stal bensíni á bensínstöðinni í Varmahlíð. Sást þá númer bílsins og var haft samband við eigandann.

Eigandi bílsins var grunlaus um þjófnaðinn og taldi bílinn staddan fyrir utan heimili sitt en brá heldur í brún þegar hann leit út.

Lögreglan stöðvaði síðan öku-manninn á Esso-stöðinni á Blönduósi. Þjófurinn tók þá til fótanna undan lögreglu en náðist skömmu síðar. Hann gaf þá skýringu á athæfi sínu að hann þyrfti að komast suður. Lögreglan ráðlagði honum að taka rútuna næst. - jse

SVÍPJÓÐ

SEINHEPPINN ÞJÓFUR Maður nokkur í Svíþjóð vaknaði í fyrri nótt við að þjófvarnarkerfið í bílnum hans fór í gang. Hann fór út á svalir og sá þá hvar einhver var að athafna sig inni í bílnum. Maðurinn gerði sér lítið fyrir og læsti bílnum með fjarlæsingunni. Hann hringdi síðan á lögregluna, sem kom og sótti þjófmanninn, sem ekki komst út úr bílnum.

e6
TILBOÐ
engin greiðsla í 6 mánuði

Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum.
e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.



með drifi

Garðsláttuvél, Murray

6 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm delux hjól, drif, 70 lítra grassafnari.
5085256

e6 42.995



19.995



Garðsláttuvél, Murray

3,5 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, hliðarfrákast, manual hæðarstilling, 15 sm hjól.
5085245

e6

29.995



Garðsláttuvél, Murray

4 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm delux hjól, 70 lítra grassafnari.
5085247

e6

3.795
~~5.988~~



Hjólbörur, 85 lítra
5080041



Kantskeri

5084403 Verð áður 1.995
1.595

Stunguskófla

5084069 Verð áður 1.995
1.595

Malarskófla

5082506 Verð áður 1.295
895

Gleðilegt sumar!



HÚSASMÍÐJAN

...ekkert mál

FRÆGIR OG „FEITIR“ TIL VARNAR LILJU

ER ÞESSI KONA
OF FEIT TIL AÐ
ALA UP BARN?



DV – hefur þú séð DV í dag?



Samstarfssamningur í Kína:

Bifröst í samstarf við Shanghai-háskóla

FORSETINN Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Háskólinn í Shanghai undirrituðu í gær samstarfssamning að viðstöddum forseta Íslands og borgarstjóra Shanghai. Í máli borgarstjórans kom meðal annars fram að efnahagur Shanghai hefði batnað áttfalt á síðustu 11 árum. Ólafur Ragnar sagði að samningurinn væri merkasta framtak íslensks háskóla á erlendum vettvangi hingað til. Samningurinn er um víótækt samstarf skólanna tveggja varðandi kennslu, rannsóknir og ráðstefnuhald auk þess sem Bifröst og Shanghai-háskóli

munu skiptast á kennurum og senda á milli sín nemendur bæði í grunnnámi og á meistarastigi.

Háskólinn í Shanghai er fjölmennasti háskóli þessarar fjölmennu borgar sem er viðskipta- og fjármálamiðstöð Kína en tæplega 60 þúsund nemendur eru skráðir við skólann og hefur hann af stjórnvöldum þar í landi verið skilgreindur sem einn af lykilháskólum Kína.

Forsetahjónin heimsóttu einnig Sjórnvarpsturninn í Shanghai sem er sá hæsti af sinni gerð í Asíu og sá þriðji hæsti í heimi og



DORRIT MOUSSAIEF Forsetafrúin skoðar perluferstar í Shanghai.

fóru í skoðunarferð um borgina og í gönguferð um ausurlenskan miðbæjargarð, Yu-garden. –oá/ht



Ólga á Gaza eftir lát meints liðsmanns Hamas:

Óttast um vopnahléð

GAZA, AP Ísraelsk yfirvöld hafa hóttað gagnaðgerðum til hefnda eftir að herskáir Palestínunmenn skutu sprengjum að landnemabyggðum á Gazasvæðinu annan daginn í rök.

Ólga gaus upp á svæðinu í fyrradag þegar liðsmaður Hamas lét lífið nærri egypsku landamærunum.

Palestínunmenn hafa sakað hermenn Ísraels hers um að

hafa drepið manninn. Ísraelsher vísar þeim ásökunum alfarið á bug.

Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels, kallaði æðstu yfirmenn heraflans á sinn fund í gær til að ræða ástandið.

Eftir fundinn sagði varnarmálaráðherra að til greina kæmi að Ísraelar tækju aftur að hefna fyrir árásir Palestínunanna.

Óttast er að við slíkar aðgerðir muni ofbeldið stigmagnast á ný og vopnahlé síðustu mánaða fari út um þúfur. ■

ÍSRAELAR Á VARDBERGI Ísraelar segja að ætla að skjóta á hvern þann sem skýtur sprengjum að landnemabyggðum á Gazasvæðinu.

TILBOÐ

Gisting eina nótt í
tveggja manna herbergi,
fordrykkur, þriggja
réttu kvöldverður.

Frá 8.200 kr.
á mann alla virka daga



DRAUMADAGAR Á HÓTEL KLAUSTRI Í MAÍ

Gerðu þér dagamun og fagnaðu vorinu á Hótel Klaustri. Við bjóðum sannkallaða draumadaga í maí-júní; gistingu fylgir fordrykkur og þriggja réttu kvöldverður. Bókaðu gistingu og láttu drauminn rætast.

- Stórkostlegar náttúruperlur
- Útivistarparadís
- Fyrsta flokks veitingar
- Vildarpunktur



Sími: 444 4000

Nordica | Loftleiðir | Flughótel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað www.icehotels.is



TALIB JAKUBOV Formaður Mannréttindasamtaka Úsbekistans hvatti Vesturlönd til að leggja sitt að mörkum til að ástandið í Úsbekistan lagaðist.

Mannréttindasamtök eru ómyrk í máli:

Telja að yfir þúsund manns hafi dáðið

ÚSBEKISTAN, AP Mannréttindasamtök telja að úsbekir stjórnarhermenn hafi drepið allt að eitt þúsund óbreytta borgara í átökum um helgina. Herinn handtók í gær leiðtoga herskára múslima sem í fyrradag lýsti yfir íslamskri byltingu í bænum Korasuv.

Tvenn mannréttindasamtök, Alþjóðlega Helsinki-stofnunin, sem hefur höfuðstöðvar sínar í Vín í Austurríki, og Mannréttindasamtök Úsbekistans segja að athuganir þeirra bendi til að allt að þúsund manns hafi fallið fyrir hendi stjórnarhermanna í átökum í Andijan og Pakhtabad um helgina og tvö þúsund til viðbótar hafi

særst. Ekki er þó um mjög áreiðanlegar rannsóknir að ræða heldur fóru starfsmenn samtakanna hús úr húsi í bæjunum og spurðust fyrir.

Úsbek yfirvöld hafa ekki heimilað sjálfstæða rannsókn á mannfalli um helgina. Hins vegar sögðust erlendir erindrekar sem heimsóttu áttaksvæðin í vikunni efast um að eins margir hefðu dáðið og stjórnarandstæðingar létu í veðri vaka.

Íslömsk bylting Bakhtiyor Rakhimov og fylgismanna hans í bænum Korasuv sem framin var í fyrradag var heldur skammlíf því í gær handtöku öryggissveitir stjórnvalda Rakhimov. ■

Eurovision verðsprengja

STERLING

10.000 kr
afsláttur +
8000 kr kaupauki

Sterling 2588

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3903cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

TILBOÐ
4.990* kr
á mánuði
í 10 mánuði

Verð 49.900,-
verð áður 59.900,-

KAUPAUKI

fylgir eingöngu með heimsendum grillum í auglýsingu

- Grillsett úr ryðfríu stáli - Öll áhöld sem þú þarft til þess að grilla í glæsilegri áltösku
- Svona er Eurovision 2005 - Tvöföld safnplata með öllum vinsælustu Eurovison lögunum í gegnum tíðina
- SS úrbeinaðar koniakslegnar grisakótilettur
- SS pylsupakki á grillið
- Coke 4x2ltr. ómissandi í Eurovision partíið!



Heildarverðmæti
KAUPAUKANS
8.000 kr

STERLING

5.000 kr
afsláttur +
8000 kr kaupauki

TILBOÐ
2.999* kr
á mánuði
í 5 mánuði

Verð 14.995,-
verð áður 19.996,-

FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Broil King
Great Barbecues Every Time

5.000 kr
afsláttur +
8000 kr kaupauki

TILBOÐ
3.999* kr
á mánuði
í 10 mánuði

Verð 39.990,-
verð áður 44.991,-

FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Broil King
Great Barbecues Every Time

10.000 kr
afsláttur +
8000 kr kaupauki

TILBOÐ
4.498* kr
á mánuði
í 10 mánuði

Verð 44.980,-
verð áður 54.989,-

FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Sterling 1104

- Brennari: 7.0kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 2710cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

Broil King - Crown 40

- Brennari: 15.2kW super 8™ brennari úr ryðfríu stáli
- Hliðarhella: 2.7kW brennari úr ryðfríu stáli með loki
- Heildar umfang: 3355cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

Broil King - Regal 20XL

- Brennari: 15.2kW super 8™ brennari og 7kW hliðarbrennari úr ryðfríu stáli
- Bak-brennari: 5.25kW brennari úr ryðfríu stáli fyrir grilltein
- Heildar umfang: 3935cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



TRUMP-TURNARNIR Þessi tölvuteikning sýnir tillögu bandarísku arkitektanna Kenneth Gardner og Herbert Belton að nýjum háhýsum þar sem World Trade Center stóð áður. Auðkýfingurinn Donald Trump er áhugasamur um fjármögnun verksins.

Markaðsátak Sandgerðisbæjar:

Bæjaryfirvöld vilja fjölga íbúum

BYGGÐAMÁL Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar ýtti úr vör markaðsátaki í gær með það að markmiði að fjölga íbúum bæjarins. Nú búa 1.400 manns í Sandgerði en bæjarstjórnin hefur sett sér það markmið að fjölga íbúum um 400 á næstu misserum og að íbúarnir verði orðnir 2.000 innan fimm ára.

Í þeim tilgangi hefur Sandgerðisbær skipulagt lóðir undir tæplega hundrað íbúðir. Þar af eru 46 einbýlishús, 22 parhús, 12 raðhúsabúðir og 11 sumarhús.

Markaðsátakið ber heitið Sandgerðisbær – innan seilingar! Því var fréttamanni spurn hvort til

stæði að gera Sandgerði að svefnbæ. „Nei, þetta markaðsátak byggist að miklu leyti á því að sýna fram á aukin atvinnutækifæri í bænum,“ sagði Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

Fólk á aldrinum tuttugu til fjörutíu ára víða um land má eiga von á pakka frá Sandgerðisbæ þar sem ágæti staðarins er tíundað. „Ástæðan fyrir því að þessi aldurshópur varð fyrir valinu er sú að samkvæmt könnun sem var gerð fyrir okkur er þetta sá aldurshópur sem líklegastur er til búferlafluttninga,“ segir Sigurður Valur.



BLAÐAMANNAFUNDUR Í SANDGERÐI Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri kynnir markaðsátak Sandgerðisbæjar. Hann tíundar þarna ágæti bæjarins með hjálp mynda.

Sænskur dómari:

Viðurkennir vændiskaup

SVÍPÍÓÐ Sænskur hæstaréttardómari hefur viðurkennt að hafa keypt kynlífsþjónustu af tvítugum pilti nokkrum sinnum í byrjun þessa árs.

Málið komst upp þegar pilturinn var handtekinn í mars vegna gruns um að hafa rænt einn viðskiptavina sinna. Í síma pilsins fundust fjölmörg símanúmer, þar á meðal númer hæstaréttardómarans.

Í tengslum við þetta mál hafa sænskir fjölmiðlar rifjað upp dóm hæstaréttar frá í fyrra þar sem dómur undirréttar var mildaður verulega í máli gegn ungverskum manni sem fundinn var sekur um mansal og vændissölu. Umræddur dómari var einn þriggja dómara í málinu. ■

LÖGREGLUFRETTIR

SINUBRUNAR VÍÐA Á SUÐURLANDI Kveikt var í trjágróðri við sumarhús á Selfossi um klukkan sex í fyrradag. Breiddist sinueldurinn fljótt út og tók það slökkviliðið þrjá stundarfjórðunga að slökkva eldinn. Ekki er vitað um eldsupptök. Seinna um kvöldið var svo tilkynnt um sinueld í Þjórsárdal en slökkviliðið á Flúðum var fljótt á vettvang og gekk greiðlega að slökkva eldinn.

TVÆR BÍLVELTUR Bifreið valt á Þrengslavegi í fyrrakvöld en engin slys urðu á fólki. Bifreiðin er hins vegar talsvert skemmd og varð að fjarlægja hana með kranabíl. Það var önnur bílveltan á Suðurlandi þennan dag því um morguninn valt bifreið á Eyrabakkarvegi. Skemmdist hún talsvert en engin slys urðu á fólki.

Fuglaflensufaraldur aðeins tímaspursmál

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir að aðeins sé tímaspursmál hvenær fuglaflensan breiðist út um allan heim. Veiran er talin geta smitast á milli manna en þó er hún ekki talin bráðsmitandi ennþá.

FUGLAFLENSA Flest virðist benda til að fuglaflensa geti smitast á milli manna og því spá vísindamenn að aðeins sé spurning um hvenær en ekki hvort heimsfaraldur breiðist út. Ekki þykir þó ástæða til að hækka viðbragðsstigið hérlandis enn sem komið er.

Vísindamenn hvaðanæva að úr heiminum velta nú vöngum í höfuðstöðvum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO í Genf yfir því hvernig svonefnd fuglaflensa muni þróast. Allt virðist benda til að flensan muni á endanum geta smitast á milli manna þótt vísindamennirnir séu ekki vissir hvenær það mun gerast.

Síðan í árslok 2003 hafa 37 manns látist úr flensunni í Víetnam, 12 í Taílandi og fjórir í Kambódíu. Fólkið virðist ekki hafa smitast af öðru fólki heldur borðað eða snert sýkt fuglakjöt. Dr. Klaus Stohr influensuserfræðingur hjá WHO sagði hins vegar í viðtali við AP-fréttastofuna í gær að mikilvægt væri að vera á varðbergi „Þau gögn sem við höfum virðast sýna að veiran er smám saman að breytast svo og smitleiðir hennar. Við vitum hins vegar ekki hvort faraldurinn muni hefjast í næstu viku eða á næsta ári. „Nýjustu rannsóknir benda til að ná veiran að stökkbreytast og smitast á milli manna þó að aðeins taka hana þrjá mánuði að dreifa sér út um allan heim.

Þar sem breytingarnar á



FUGLAKJÖTIÐ GETUR VERIÐ VARASAMT Þeir sem eru þegar látnir úr flensunni smituðust flestir af sýktu fuglakjöti. Vísendingar eru hins vegar um að með náinni snertingu geti veiran smitast á milli manna.

HSN1-veirunni eru í svo mörgum og stuttum skrefum er erfitt að meta á hvaða augnabliki heimsfaraldur sé í uppsiglingu. Ef gripíð er til ráðstafana of snemma verður miklu fé sóluðað að ástæðulausu en afleiðingarnar gætu orðið mjög alvarlegar verði of seint brugðist við útbreiðslu flensunnar.

Hérlandis hefur svonefnt hækkað viðbúnaðarstig verði í gildi að undanförunu en þá er ný

veira í umferð sem smitast á milli manna í einstaka tilvikum án þess að hún sé talin bráðsmitandi. Að sögn Guðrúnar Sigmundsdóttir, yfirlæknis á sóttvarnasviði landlæknisembættisins, geti vel verið að veiran þróist í þá átt en allt eins líklegt sé að hún deyi út. Því er ekki þörf á að auka viðbúnað enn sem komið er. „Við fylgjum ráðleggingum WHO um viðbragðsstig,“ segir Guðrún.

sveinng@frettabladid.is

Dúndur Tilboð í tilefni Eurovision

Eurovision humar	3900
Risarækjur.....	1990
Túnfiskur	1990
Smjörkrydduð lúðusteik.....	1490
Hvítlauksmarineraður steinbítur....	1290
Hunangslegin laxasteik.....	1290
Piparmarineruð keilusteik.....	1290

Eigum fullt af harðfiski sem gott er að japla á, meðan stigagjöfin er!!!!



Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Írakar óttast að hryðjuverkamenn streymi inn í landið:

Al-Jaafari biður nágranna sína um hjálp

BAGDAD, AP Ibrahim al-Jaafari, forsætisráðherra Íraks, skoraði á ríkisstjórnir nágrannalandanna að herða landamæragæslu svo að hryðjuverkamönnum tækist ekki að komast inn í landið. Í það minnsta þrettán manns féllu í árásum í Írak í gær.

Í gær greindu bandarískir embættismenn frá því að stærstur hluti hryðjuverka í Írak síðustu vikur hefði verið skipulögð í Sýrlandi af fylgismönnum Abu Musab al-Zarqawi. Fyrr í vikunni lofaði Kamal Kharrazi, utanríkisráðherra Írans, að herða mjög gæslu á landamærum ríkjanna en betur má ef duga skal að mati al-Jaafari.

Í borginni Mosul biðu átta manns bana og þrír særðust þegar setið var fyrir þeim fyrir utan heimili Íraks þingmanns. Sjónarvottar segja að bandarískir hermenn hefðu tekið þátt í átökunum en ekki er vitað hvað þeir nákvæmlega aðhöfðust. Auk þess dóu fimm aðrir í árásum víðs vegar um landið, meðal annars starfs-




KAMAL KHARRAZI Íranski utanríkisráðherra hitti Ali Sistani erklerk í Najaf í gær en hann lofaði fyrr í vikunni að landamæragæsla á mörkum Írans og Íraks yrði efl.

menn olfumálaráðuneytisins í Bagdad. Atlantshafsbandalagið tilkynnti í gær að opnun þjálfunarbúða þess fyrir Íraska herfor-

ingja drægist fram á haustið en NATO hafði gert ráð fyrir að starfsemin gæti hafist snemma. ■

Glæsilegar útskriftargjafir



Tilboð
14.980 kr.
5.000 kr.
afsláttur

Hin eina sanna íslenska orðabók - Óskabók allra sem tala íslensku



Tilboð
17.980 kr.
2.000 kr.
afsláttur

Íslandssagan frá landnámi til okkar daga - Loksins fánleg í einu glæsilegu bindi




400 bls.
1000 myndir
4.990 kr.

Bók sem hristir rækilega upp í hugmyndum okkar um heiminn - Skemmtileg fróðleiksnáma



528 bls.
300 myndir
4.990 kr.

Saga vísindanna frá upphafi - Aðgengileg og ríkulega myndskreytt



Tilboð
6.990 kr.
8.000 kr.
afsláttur

OFUR
TILBOÐ

Mannkynssagan í kortum og myndum - Stórfenglegt yfirlit um sögu mannkyns



Tilboð
3.990 kr.
2.000 kr.
afsláttur

Heillandi saga vestrænnar heimspeki í 2500 ár, frá Forngríkkjum til hugsuða nútímans

ÞENNING

Eymundsson
-svör við öllu

BOKA MI BUDIR
MI

Pöntunarsími: 511 1130

HVÆÐ ER AÐ FRÉTTA? HUGRÚN HARÐARDÓTTIR FEGURÐARDROTTNING

Krýnir nýja drottningu í kvöld

„Hann verður bara eðlilegur fram eftir degi,” segir Hugrún Harðardóttir um síðasta dag sinn sem fegurðardrottning Íslands en í kvöld krýnir hún arftaka sinn. „Ég mæti bara í vinnu klukkan tíu og hætti svona um fjögur til að græja kjólinn,” segir Hugrún sem vinnur á hárgreiðslustofu á Selfossi og ætlar að skella sér með vinkonu sinni á keppnina í kvöld.

Hugrún segir það að vissu leyti létti að afhenda kórónuna en henni finnst skrítið að heilt ár skuli vera lítið síðan hún var sjálf krýnd. Þetta hafi þó verið mjög lærdómsríkur tími og



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

þroskandi. Hún hefur ekkert út á athyglina að setja sem hefur beinst að henni á þessu ári enda hafi hún aðeins fengið jákvæða umfjöllun. Hugrún ætlar ekki að veita nýrri drottningu nein sérstök ráð enda segir hún að allir upplifi tímann mismunandi. Í sumar ætlar Hugrún að njóta þess að vinna og fara í útilegur um helgar. Í haust fer hún aftur í skólann til að ljúka sveinsprófi sínu og finnst lítið mál að keyra daglega yfir Hellisheiðina. „Ég held það sé miklu meira mál fyrir fólk í Reykjavík að fara til Selfoss en öfugt,” segir Hugrún hlæjandi.

SVONA ERUM VIÐ:



ÁRÍÐ 2003 VORU 190 MYNDBANDA-LEIGUR Á ÍSLANDI.

Heimild: Hagstofan.

24

stundir

SJÓNARHÓLL FEGURÐARSAMKEPPNIR



HEIÐAR KRISTJÁNSSON Söngvari hljómsveitarinnar Botnleðju.

Ekki hrifinn af gripasýningum

„Mér finnst þetta nú eiginlega vera barn síns tíma,” segir Heiðar Kristjánsson, söngvari í hljómsveitinni Botnleðju, þegar hann er spurður að því hvað honum finnst um fegurðarsamkeppnir. „Ég er nú ekki hrifinn af svona gripasýningum, þótt ég hafi að sjálf-sögu ekkert á móti fólkinu sjálfu sem tekur þátt í þessu,” bætir Heiðar við og leggur áherslu á að fólkið sem taki þátt í fegurðarsamkeppnum sé örugglega að þessu í góðri trú. Það hefur stundum verið sagt að ekki sé hægt að keppa í fegurð og að því leyttinu til séu fegurðarsamkeppnir svolítið skrítnar. Heiðar tekur undir þetta viðhorf. „Mér finnst fráleitt að keppa í fegurð með þessum hætti. Það virðast allir vera steypfir í sama form svo þetta verður hálfmarklaust finnst mér,” segir Heiðar, sem hefur greinilega enga trú á fegurðarsamkeppnum.

Hyglum frændþjóðunum

Íslendingar hafa verið gjafmildastir á stig til nágranna sinna í Eurovision gegnum tíðina. Finnar þiggja hins vegar flest stig frá hinum Norðurlöndunum en gefa minnst til baka.

Samsæriskenningar um kosningabandalög í Söngvakeppni evrópskra sjónarpsstöðva lifa góðu lífi á hverju ári þegar líða tekur að keppninni og einnig eftir að henni lýkur. Það þykir almenn vitneskja að Norðurlöndin gefi hvert öðru stig og sigur vinningslandsins er oft skrifaður á vináttubönd þess við önnur lönd, gagnkvæm loforð um atkvæði eða jafnvel ástandið í heimsmálum. Þar að baki liggur þó aðeins mat áhugamannsins, eða hvað?

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

PORTÚGAL Ef marka má rannsókn Írisar mun tvíeykið 2B ekki bera sigur úr býtum enda tilheyrir Portúgal engu kosningabandalagi.



RANNSAKAR EUROVISION Íris Davíðsdóttir skrifaði BA-ritgerð sína í stjórnmálafræði um kosningahegðun einstakra ríkja í Söngvakeppni evrópskra sjónarpsstöðva.

Í nýlegri BA-ritgerð í stjórnmálafræði reynir Íris Davíðsdóttir að varpa ljósi á kosningahegðun í söngvakeppninni. „Á hverju byggjast ríkjabandalög?

Kosningahegðun einstakra ríkja í Söngvakeppni evrópskra sjónarpsstöðva,” er heiti ritgerðarinnar. Þar skoðar Íris sögu Norðurlandanna, Grikklands og

Kýpur, Austurríkis og Þýskalands, og skoðar stigagjöf milli þeirra. Hún lagði af stað með þá tilgátu að kosningahegðun ríkja í söngvakeppninni byggðist á breytum eins og landafræði, menningu og sögu og sameiginlegum hagsmunum ríkjanna.

Í stuttu máli má segja að rannsókn Írisar hafi stutt tilgátu hennar. Öll Norðurlöndin hafa til að mynda gefið hvert öðru og þegið meira en 19 prósent stiga sinna. Finnar hafa fengið mest frá hinum Norðurlöndunum eða tæp 40 prósent stiga sinna en gefið minnst til baka. Íslendingar hafa hins vegar verið gjafmildastir og gefið nágrönnnum sínum 32 prósent allra stiga sinna á árunum 1993 til 2003.

Þá kemur í ljós mjög náið samband milli Kýpur og Grikklands í stigagjöf en hins vegar skera Austurríki og Þýskaland sig úr þar sem lítið samband er milli þeirra þjóða í stigagjöf.

Íris vill lítið spá fyrir um úrslit keppinnar í ár enda sé alltaf undantekning á reglunni og ekki alltaf sem kosningabandalögin hafi úrslitaáhrif. „Það er það sem gerir þessa keppni skemmtilega,” segir Íris sem segir í ritgerð sinni að það eina sem flestir telji öruggt í Söngvakeppni evrópskra sjónarpsstöðva sé að Portúgal og Finnland muni aldrei bera sigur úr býtum.


solveig@frettabladid.is



MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

Örugg skemmtun 

DVD ferðaspilari og dráttarbeisli fylgir Renault Megane Scenic II



Renault Megane Scenic, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur með DVD ferðaspilara og dráttarbeisli. (Tilboð gildir á meðan birgðir endast.) Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 8,0 ltr/100km

Þú eignast hann fyrir **kr. 2.170.000** Bilasamningur **kr. 22.735** á mánuði*

Mánaðargreiðslur miðast við bilasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.



Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Stjórnustríðsstemmning á Patró

„Þetta er toppurinn í öllu sem hefur gerst í kvikmyndabransanum á Vestfjörðum,“ segir Geir Gestsson yfir sig ánægður með vel heppnaða sýningu á síðustu stjórnustríðsmyndinni í kvikmyndahúsi Patreksfjarðar á miðvikudag. Þetta var fyrsta tækifæri almennings til að berja myndina augum og segir Geir stemmninguna í salnum hafa verið svipaða og þegar Bandaríkjamenn skutu geimflug á loft í fyrsta sinn.

Um fimmtíu Ísfirðingar sóttu sýninguna auk þess sem nokkrir lögðu leið sína frá höfuðborginni. Töluverður áhugi var meðal höfuðborgarbúa á sýningunni en stærsta vandamálið voru sam-

göngur enda langt að keyra, sérstaklega þá 100 kílómetra sem enn eru ómalbikaðir, að sögn Geirs sem er félagi í Lionsklúbbi Patreksfjarðar sem átti veg og vanda að sýningunni.

Þeir sem Geir ræddi við eftir sýninguna í gær gáfu myndinni fimm stjörnur af fimm mögulegum. Sjálfur sá Geir aðeins hluta myndarinnar en kona hans sat eins og límd við tjaldið. Höfðaði myndin mun betur til hennar en aðrar stjórnustríðsmyndir enda rómantískari, að sögn Geirs.

POPP OG KÓK Mikið var að gera í sælgætissölu í kvikmyndahúsi Patreksfjarðar.



MYND/ÖRINN ANDRÉSSON

Ný útfararleið:

Með ástvin á baugfingri

Hundrað manna sem misst hafa ástvin ganga nú með jarðneskar leifar hans í formi demantskartgrips. Útfararstofa í Berlín býður nú upp á þá þjónustu að láta pressa demant úr ösku hans látna. Frá þessu segir þýska tímaritið Der Spiegel.

Reyndar varð fyrirtæki í Illinois í Bandaríkjunum fyrst til að bjóða upp á þennan nýstárlega valkost og í Sviss hefur hann líka náð föttestu. Demantarnir sem viðskiptavinir þýsku útfararstofunnar fá eru gerðir í Sviss, þar sem þýsk lög kveða á um að jarðsetja beri jarðneskar leifar fólks og demantsgerð úr ösku látinna er því á gráu svæði



DEMANTUR Skyldi þetta vera amma?

lagalega. Verð svona sorgardemants er á bilinu þrjú til sjö þúsund evrur, andvirði um 250.000 til 600.000 króna.

- aa



MAKAKÍAPI Þeir eru yfirleitt meinlausir en stundum snakillir.

Uggur í Tókýó:

Villiapi á flakki

Íbúar Tókýóborgar í Japan óttast eflaust afdrif Bonzai-trjáanna sinna eftir að fréttir bárust af apa sem leikur lausum hala í borginni. Talið er að um sé að ræða villtan apa sem rataði í borgina úr óbyggðum. Hann hefur sést hanga í ljósastaurum og stökkva á milli húsbaka.

Apinn hefur ekki valdið neinum skemmdum enn sem komið er og yfirvöld kappkosta að hafa hendur í hári hans áður en hann fer sér eða öðrum að voða. Sá galli er á gjöf Njarðar að dýraeftirlit Tókýóborgar er fyrst og fremst þjálfað til að klófesta ketti og hunda.

Dýrið er af tegund makakíapa, sem verða að meðaltali um 60 sentímetra háir og vega um fimmtán kíló. Tegundin er í útrýmingarhættu og vona yfirvöld því að apagreytið komist óskaddað úr darraðardansinum. Makakíapar eru yfirleitt meinlausir en eiga til að glefsa þegar þeir reiðast. ■



ÞAÐ ER SVO GEGGJAÐ... Gæðingurinn Giacomo brosir sínu breiðasta eftir að hafa sigrað kappreiðar í Kentucky.

Hlauptu með Asics í sumar!

- einfaldlega betri hlaupaskór



KAYANO

TOPPURINN FRÁ ASICS. HLAÐNIR ÖLLUM HUGSANLEGUM TÆKNIBÚNAÐI.



NIMBUS

ALHLIDA HLAUPASKÓR MEÐ STYRKINGUM Í HÆL OG UNDIR TÁBERGI.



2100

INNANFÓTARSTYRKIR HLAUPASKÓR MEÐ GELPUÐUM Í HÆL OG UNDIR TÁBERGI.

SÉRFRÆÐINGUR FRÁ ASICS VEITIR RÁÐGJÖF UM HELGINA Í GLÆSIBÆ!

- FÖSTUDAG 12 - 17
- LAUGARDAG 12 - 16


- TÆKNILEGIR YFIRBURÐIR
- Í REYKJAVÍKURMARAFONINU ERU MEIRA EN 50% HLAUPARA Á ASICS SKÓM SKV. KÖNNUN Á HLAUP.IS

Björn Margeirsson - margfaldur Íslandsmeistari í 800 og 1500 metra hlaupi hleypur á Asics

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

„Stundum verður maður bara að setja sig í fyrsta sætið. Þess vegna eyði ég í sparnað.“




Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



FBL. GREINING: GAGNAVEITUR, FJÖLMIÐLAR OG PENINGAR

Hræringum ekki enn lokið á fjölmiðlamarkaði

Norska Dagblaðið hefur sagt upp hartnær 90 manns vegna 12 prósentu samdráttar í sölu og tapreksturs. Fréttablaðið greindi frá þessum hremmingum í vikunni og gat þess jafnframt að Norska Dagblaðið yrði að draga úr útgjöldum um einn milljarð króna fram til ársins 2007 og útibúum utan Oslóar yrði lokað.

Spyrja má hvort öðruvísi sé ástatt á íslenskum dagblaðamarkaði en þeim norska. Menn muna trúlega stórt gjaldþrot gamla DV, strangar göngu við að koma Fréttablaðinu á laggirnar, nýlegra þrenginga Morgunblaðsins og taprekstur og sölu á tímaritaveldinu Fróða. Listinn er lengri ef ljósvakamiðlar eru einnig taldir með.



Kannanir benda til þess að dagblaðalestur sé övenju mikill hér á landi. Nærri lætur að þrjú Íslendingar séu um hvert prentað eintak af Fréttablaðinu. Í

Gallupkönnun, sem gerð var í apríl, kom á daginn að liðlega 90 prósent aðspurðra höfðu lesið eitthvað í Fréttablaðinu, 75 prósent höfðu lesið Morgunblaðið og nærri 44 prósent höfðu lesið eitthvað í DV þá viku sem könnunin var gerð.

Varla nema von að nýju dagblaði, Blaðinu, sé ýtt úr vör.

Vera má að það sé liður í annarri og stærri viðskiptahugmynd, en útgáfufélag Blaðsins og Íslenska sjónvarpsfélagið, sem rekur Skjá einn, hafa nú fest kaup á útvarpsstöðvunum KissFM og X-FM. Reyndar er útgefendum mjög tíðrætt um 12 milljarða

króna eða svo sem liggja í auglýsingum góðærisins.

Svo mikið er víst að hræringum á litlum fjölmiðlamarkaði Íslendinga er ekki lokið. Við blasir úrvinnsla úr fjölmiðla-skýrslunni stóru og lagasetning í kjölfar þess. Endurskoðað frumvarp um Ríkisútvarpið verður lagt fram að nýju á alþingi í haust. Í millitiðinni verður búið að einkavæða og selja Símann. Búast má við að þá verði mynduð ný samsteypa úr gagnaveitum félagsins og fjölmiðla í einkarekstri. Í nafni hagkvæmninnar.

Svo mikið er víst að ef tölvan og netið verður ráðandi í fjölmiðlun framtíðarinnar verður jafnframt fýsilegt að eiga gagnaveitur sem upplýsingahafið streymir um. Og rukka fyrir notkunina.



Porgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson

989
BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30



ÁSTRALSKI FJÖLMIÐLAJÖFURINN Rupert Murdoch á fjölmiðlasamsteypuna News Corporation. Hann segir fullum fetum að dagblöðin verði eftirleidis að skoða hlutverk sitt sem tæki til fréttablaðna og fréttavinnslu

Fjölmiðlavalald fjöldans

Fjölmiðlajöfurinn Rupert Murdoch segir að raf-rænir miðlar sögi til sín æ meira af auglýsingatekjum dagblaðanna. Dagblöð verði að skilja hlutverk sitt sem fréttaveitur óháð gömlu leiðunum til að dreifa fréttum á pappír.

Rupert Murdoch, sem á og stýrir News Corporation, einni stærstu fjölmiðlasamsteypu veraldar, flutti nýverið bandarískum dagblaðaritstjórum boðskap sinn um framtíð dagblaða. Murdoch sagði meðal annars að of margir ritstjórar og blaðamenn væru ekki lengur í góðum tengslum við lesendur. „Það er engin furða að margir, einkum af yngri kynslóðinni, segi skilið við dagblöðin. Fólk á þritugs- og fertugsaldri kærir sig ekki lengur um að láta einhvern segja sér hvað máli skipti, hvað sé mikilvægt... Og það vill alls ekki fá fréttirnar matreiddar sem eitthvert fagnaðararindi.“ Murdoch kvað ritstjóra og blaðamenn hafa sýnt einstaklega mikið andvaraleysi.

að lesendum dagblaða fækki um heim allan og þar með minnki auglýsingatekjur þeirra. Samkvæmt upplýsingum Alþjóða dagblaðasambandsins, World Association of Newspapers, minnkaði dreifing dagblaða í Bandaríkjunum um 5 prósent á árunum 1995 til 2003. Á sama tíma fækkaði eintökum í umferð um 3 prósent í Evrópu og um 2 prósent í Japan. Á sjöunda áratugnum lásu fjórir af hverjum fimm Bandaríkjamönnum dagblað á hverjum degi. Aðeins helmingur þeirra lítur daglega í dagblað nú.

Frumbyggjar og innflytjendur í netheimum

Netvæðingin er undanfari hnignunar dagblaða. Með breiðbandi eykst burðargeta og hraði á netinu. Rupert Murdoch telur að þetta breyti fjölmiðluninni á þann hátt sem eldri keppinautar dagblaðanna, útvarp og sjónvarp, gátu aldrei gert. Eldri kynslóðinni, sem Murdoch kallar innflytjendur í netheimum, hefur ef til vill sést yfir þetta. En unga fólkið, frumbyggjarnir í netheimum, fá fréttirnar í auknum mæli með leitarvélum á borð við Yahoo eða Google eða um aðrar gáttir veraldarvefsins. Nefna má bloggíð, dagbókar-skrifin á vefnum. Meirihluti Bandaríkjamanna hefur ekki heyrt bloggíð nefnt og aðeins 3 prósent lesa slíkt daglega. Um 44 prósent Bandaríkjamanna á aldrinum 18 til 29 ára eru aftur á móti tengd bloggíðinu dag hvern.

Bloggíð er aðeins eitt þeirra tóla og tækja sem

tiltæk eru til boðskipta á vefnum. Wiki heitir vefsíðusamfélag á netinu þar sem notendur geta lagt til efni og ritstýrt því sjálfir. Þetta þykir eldra fólki, netheimainnflytjendum, hljóma líkt og stjórnsleysi og óreiða. Eða þar til það heimsækir alfræðivefinn wikipedia.org. Wikipedia vex með degi hverjum, einmitt með grasrótarsamstarfi fólks sem þekktist ekkert innbyrðis.

Bloggfréttabjónusta

Litla kísilflöguspilara (iPod), sem tölvurísinn Apple hefur sett á markað, mætti kalla tónbelgi. Unnt er að fylla tónbelginn af tónlist og tappa af honum inn á tölvur eða netið þannig að aðrir geta nálgast tónlistarefnið. Með þessu móti er hægt að stunda tónbelgjavarp á netinu. Blogg með myndir sækir einnig í sig veðrið og myndbandablogg er að hefjast.

Það er freistandi fyrir hefðbundna miðla að gera lítið úr þessari þróun. Til dæmis er haft fyrir satt að megnið af netbloggi sé ekki þess virði að lesa það. Og það er í rauninni ekki lesið. Sama á reyndar við um hefðbundna miðla eins og dagblöð, segir Rupert Murdoch.

Engu að síður leika bloggarnar æ stærra hlutverk. Vinsælur og vandadír bloggarnir fá allt eins margar heimsóknir á vefsíður sínar eins og þekktir fjölmiðlar fá.

Eurovisionpartý

Ekki missa af Eurovisionpartý NOA NOA.

Full búð af flottum fötum

fyrir spennandi kvöld.

Góða skemmtun og áfram Ísland!

Nýji Eurovisiondiskurinn fylgir með fyrir heppna viðskiptavini.

NOA
NOA
Kringlan - 553 3536



JÓHANN HAUKSSON
BLAÐAMAÐUR

FRÉTTASKÝRING
FRÉTTAMIÐLAR
FRAMTÍÐARINNAR

Tímaritið Economist, sem fjallaði um erindi Murdochs nýverið, segir að hugsanlega marki ræða Murdochs upphaf þess tíma þegar dagblöðin vöknudu og fóru að gera sér grein fyrir veruleika netbyltingarinnar og vildu í senn verða netvæn og netkæn. Murdoch gengur að því vísu

ÍSLENSKU DAGBLÖÐIN
Fjögur dagblöð eru á íslenska dagblaðamarkaðnum í dag.



Fjölmíðlarýni:

Vond vinnubrögð

Aðeins fáeinum mánuðum eftir að Dan Rather og fjölmíðlarinn CBS urðu bandarísku blaðamannastéttinni til skammar með birtingu falsfrétta um Bandaríkjaforseta hefur hið víðlesna tímarit Newsweek bitið höfuðið af skömminni með óstafestri frétt um saugun Kóransins í Guantanamo-fangelsinu. Þannig skrifar Brent Bozell á vef Media Research Center í gær. Hann staðhæfir að miðlarnir hafi báðir reitt sig á eina ónafngreinda heimild. Bozell telur augljóst að Newsweek og CBS hafi fyrirfram verið blindaðir af kviksögum um athæfi bandarískra stjórnvalda. ■

Það er hættuleg en algeng tugga að telja bloggara einskona- r sníkjudýr á hefðbundnum fréttamiðlum og þar af leiðandi séu þeir engin ógnun við hefðbundna fjölmiðla. Rétt er að margir þeirra fást við að af- sanna, andmæla eða greina það sem áður hefur verið birt í hefð- bundnum fjölmiðlum. Að þessu leyti eru bloggheimar einskona- framlenging á hefðbundnum fjölmiðlum. Ekkert kemur hins vegar í veg fyrir að bloggarar taki upp venjulega fréttáöflun. Glenn Reynolds helgar sig stjórnmalabloggi á vefnum in- stapuntit.com. Á góðum degi eru notendur síðunnar um 250 þús- und og margir þeirra eru eins og hverjir aðrir fréttaritarar og segja frá viðburðum sem þeir hafa sjálfir orðið vitni að í Afganistan eða Kína. „Grund- vallahugmyndin er sú, að fólk skapar eigið innihald hafi það tækin til þess,“ segir Dan Gill- mor, en hann er upphafsmaður að grasrótarfjölmiðlun í San Francisco og höfundur bókar- innar We the Media. Tvær millj- ónir manna nota Ohmy News í Suður Kóreu. Ohmy hefur í sinni þjónustu um 33 þúsund borgara en þeir vinna sem venjulegir fréttaritarar. Í miðstöð Ohmy starfa nú um 50 manns, einkum við að kanna heimildir og sann- leiksgildi þess efnis sem inn á vefinn berst.

Gerjun og nýjar viðskiptahug- myndir

Þegar svo margar nýjar leiðir opnast við hlið eldri tegunda blaðamennsku verður að teljast líklegt að upp spretti nýjar við- skiptahugmyndir sem ögra gömlu fjölmiðlunum. Samskipti bloggara og leitarfyrirtækjanna Yahoo eða Google geta leitt til nýrrar skipt- ingar auglýsingatekna. Sumir bloggarar leyfa Google að hlekkja auglýsingar við þeirra stað á vefnum og fá þannig greiðslu fyr- ir hverja heimsókn. Aðrir krefjast áskriftargjalds. Enn aðrir eru með einskona- söfnunarbauka á netinu. Þar getur lesandinn sett lítilræði í bauk þess höfundar sem hann kys að lesa.

Á endanum verður spurt hvort gömlu dagblöðin bregðist nægi- lega hratt við og elti auglýsinga- tekjurnar inn í rafrænu miðlana. Rupert Murdoch heldur því fram að mörg dagblöð geti vafalítið stýrt framhjá stærstu skerjunum ef þau færa sér tækninýjungar í nyt. Þau ættu að geta nýtt nýju tæknina til þess að ná með betri hætti til ákveðinna markhópa eða staða. Enn um sinn er þó margt á huldu um það hvernig tekjulindir fjölmiðlanna munu skiptast milli nýrra og eldri gerða fjölmiðla.

Svo mikið er þó ljóst, segir Rupert Murdoch, að valdið yfir fréttamiðluninni og öllu sem henni tilheyrir, valdið yfir fréttamatinu og því sem fréttamiðlarn- ir flokka sem staðreyndir, er með hárfínnum og lymskulegum hætti að flytjast frá framleiðend- um fréttanna til áheyrendanna og notendanna sjálfra. Rupert Murdoch segir fullum fetum að dagblöðin verði eftirléiðis að skoða hlutverk sitt sem tæki til fréttáöflunar og fréttavinnslu óháð gömlu leiðunum til að dreifa þeim á pappír. ■



Clean Plus® blautklútar eru nýjung sem auðvelda þrifin á bílum!

Clean Plus® vörur eru fyrsta f okks gæðavörur á samkeppnishæfu verði. Clean Plus® vörur gera þrifin á bínum auðve dari. Clean Plus® er fyrir nútíma bíaeigendur!



Fæst í he stu stórmörkuðuml byggingavöruevers unum og víðar.

Dreifing K. Richter hf. www.krichter.is

www.cleanplusautocare.com

CLEAN PLUS AUTO CARE



VERKEFNASTJÓRNUN

NÝTT MEISTARANÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

Verkfræðideild Háskóla Íslands hyggst bjóða meistaranám í verkefnastjórnun, MPM (Master of Project Management) sem er tveggja ára nám með starfi. Fyrsti hópurinn mun hefja nám haustið 2005.

Meistaranám í verkefnastjórnun er nýr og spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi samhlíða starfi. Í náminu undirgangast nemendur alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun sem gefin er út af Verkefnastjórnunarfélagi Íslands í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).

Í meistaranámi í verkefnastjórnun er lögð áhersla á:

- Þjálfun í að takast á við margvísleg viðfangsefni með aðferðum verkefnastjórnunar
- Að beita tæknilegum aðferðum við undirbúning, framkvæmd og frágang verkefna
- Samskipti, myndun og mótun hópa, hvatningu og eflingu liðsheildar
- Undirbúning við að undirgangast alþjóðlega vottun (IPMA) á þekkingu sinni, reynslu og færni
- Aðgengi að fjölbreytilegum starfsvettvangi um allan heim

Meðal námsefnis á fyrra námsári er:

- Stefnumótun
- Áætlanagerð í verkefnum
- Leiðtögin og sjálfið
- Leiðtögin og umhverfið

Meðal námsefnis á seinna námsári er:

- Ferli og ferlisvæðing í verkefnum
- Fjármál verkefna
- Fjölbjóðleg verkefni
- Stjórnandinn og menning


Umsjónarkennarar námsins eru allir framúrskarandi kennarar við verkfræðideild Háskóla Íslands, með yfirburðapekkingu á verkefnastjórnun og þeim fjöldamörgu þáttum stjórnunar sem henni tengjast. Auk þeirra kenna í náminu fræðimenn og fagmenn á ýmsum sviðum, bæði innlendir og erlendir.

Meistaranám í verkefnastjórnun er opið þeim sem hafa lokið BA/BS/B.ed. eða sambærilegu. Miðað er við að nemendur hafi minnst 3 ára reynslu úr atvinnulífnum og æskilegt er að þeir hafi umtalsverða reynslu af því að starfa í verkefnum. Haustið 2005 munu um 30 nemendur hefja meistaranám í verkefnastjórnun. Almennur kynningarfundur um námið verður haldinn kl. 16 fimmtudaginn 26. maí næstkomandi. Fundurinn verður í húsnæði Endurmenntunar Háskóla Íslands að Dunhaga 7.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tekið er við skráningu á skrifstofu verkfræðideildar Háskóla Íslands til 1. júlí 2005. Nánari upplýsingar um námið veitir Guðrún Helga Agnarsdóttir í síma 525 4646. Með fyrirvara um endanlegt samþykki háskólaráðs.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð má fá á www.mpm.is



skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Risavaxið jarðhitaverkefni blasir nú við Íslendingum í Kína.

Árangur af Kína-heimsókn forseta

Nú þegar líður að lokum heimsóknar forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, til Kína er ljóst að eftir mikla undirbúningsvinnu forsetaembættisins, sendiráðs Íslands í Kína, ráðuneyta hér heima og ýmissa fyrirtækja og stofnana hérlandis hefur náðst mikilvægur árangur í samskiptum smárikisins Íslands og risaveldisins Kína á ýmsum sviðum.

Það er umhugsunarvert hvers vegna áhugi Kínverja á Íslandi er eins mikill og raun ber vitni. Fjölmargar heimsóknir kínverskra ráðamanna hingað til lands á undanförunum árum endurspeglar þennan áhuga Kínverja vel. Sagt hefur verið að Kínverjum þyki gott að kynnast vestrænum samfélögum með heimsóknunum hingað. Hér séu hlutirnir aðgengilegir og þægilegra en víða annars staðar að komast í snertingu við þá. Þetta má vel vera, en það hlýtur líka að liggja að baki einhver pólitík sem Kínverjum fellur vel við hér. Við erum friðsöm þjóð og eigum aðild að mörgum mikilvægum alþjóðastofnunum sem Kínverjar eiga mikið undir að séu þeim vinsamlegar, en þar höfum við ekki haldið uppi mikilli gagnrýni á kínverskt samfélag líkt og sumir aðrir. Allt þetta fellur í kramið hjá Kínverjum, og kannski erum við nú að njóta ávaxtanna af því.

Við erum friðsöm þjóð og eigum aðild að mörgum mikilvægum alþjóðastofnunum sem Kínverjar eiga mikið undir að séu þeim vinsamlegar, en þar höfum við ekki haldið uppi mikilli gagnrýni á kínverskt samfélag líkt og sumir aðrir.

Í tengslum við opinbera heimsókn forseta Íslands til Kína hafa verið gerðir fjölmargir viðskipta- og samskiptasamningar. Við höfum um árabil átt viðskipti við Kína sem yfirleitt hafa gengið vel. Þeir sem eiga samskipti við Kína verða að setja sig inn í kínverska menningu og hugsunarhátt, rétt eins og Kínverjar verða að setja sig inn í íslenskt samfélag. Sendiráð beggja landa gegna hér miklu hlutverki. Það eru ekki ýkja mörg ár síðan Íslendingar settu á stofn sendiráð í Kína við frumstæðar aðstæður og efasemdir sumra.

Einn af mörgum samningum sem undirritaðir hafa verið í heimsókninni er um samstarf á sviði jarðhita. Á því sviði stöndum við mjög framarlega, og höfum komið að jarðhitaverkefnum víða um heim á undanförunum árum. Nú blasir við okkur risaverkefni í Kína varðandi lagningu hitaveitu og er mikilvægt að vel takist til, því jarðhiti mun vera á um þrjú þúsund stöðum í Kína. Þetta er afrakstur af vinnu íslenska sendiráðsins í Peking á undanförunum árum, íslenska fyrirtækisins Enex og fleiri hér á landi. Íslendingar luku fyrir nokkru hitaveituverkefni í Peking, þar sem 15 þúsund manna borgarhluti er nú hitaður upp með hitaveitu sem byggir á íslenskri þekkingu. Í þessu sambandi er þess að geta að Kínverjar hafa verið meðal nemenda Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna hér á undanförunum árum, og íslensk þekking á þessu sviði er þess vegna vel þekkt innan jarðhitageirans í Kína. Þetta er aðeins lítið dæmi um árangur af Kínaheimsókninni, en nú er mikilvægt að vinna vel úr þeim verkefnum sem við blasa, hvort sem það er á vettvangi jarðhita, flugrekstrar, háskólanáms, jarðskjálftaefirlits, almennra viðskipta eða annars. ■

HJÚKRUNAR- OG VASAÚR

vinsæl útskriftargjöf

Áletrum



20 mismunandi gerðir af úrum.

Jon & Oskar

Laugavegi 61 • Sími 552 4930
www.jonogoskar.is

ÚR • SKARTGRIPIR • GJAFAVARA

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki sama spennan

Ekki er ólíklegt að Kínaferð Ólafs Ragnars Grímssonar verði síðar meir talin einn af hátindunum á forsetaferli hans. Sérstaka athygli vekur sú áhersla sem hann leggur á mikilvægi lýðræðis og mannréttinda, jafnt í ræðum sem viðræðum við ráðamenn. Fróðleg eru þau orð hans hér í Fréttablaðinu í gær að samtöl um þessi mál við kínverska ráðamenn einkennist ekki af sömu spennu og áður fyrr. Eðlilega velta menn því fyrir sér hvort kannski sé að rofa til í ríki drekans.

Heimsmet

Einhvern tíma hefði þurft sterkt ímyndunarafl til að sjá fyrir sér rjómann af íslensku viðskiptalífi í



halarófu á eftir Ólafi Ragnari Grímssyni á Torgi hins himneska friðar í Peking! Og þarna er ekki aðeins sett Íslands-met heldur virðist slegið heimsmet, því samkvæmt frásögn kínverskra fjölmiðla í gær er íslenska viðskiptasendinefndin, tvöhundruðmannanefndin, hin fjölmennasta sem þangað hefur komið í heimsókn af þessu tagi.

Lakkrisinn

Íslensk stúlka sem stundar háskólanám í Peking segir í viðtali við Morgunblaðið í gær að toppurinn í heimsókninni hafi verið þegar hún fékk lakkris að heiman. Þá rifjast upp að fyrir nokkrum árum ætluðu Íslendingar að leggja lakkrismarkaðinn í Kína undir sig og stofnuðu þar lakkrisverksmiðju með ötulum stuðningi íslenskra stjórnmalanna. Það var ekki langlíft ævintýri

og minnr á að viðskipti í þessu fjölmenna landi eru ekki einfalt mál.

Þögn um ræðu

Ekki er að sjá að aðrir fjölmiðlar en íslenskir og kínverskir sýni Kínaferð forsetans áhuga. Kannski er ástæðan sú að allar fréttir af heimsókninni til alþjóðlegra fréttastofa koma frá hinum ríkisreknu kínversku fjölmiðlum, sem ekki hafa séð ástæðu til að minnst einu orði á fréttæm ummæli forseta Íslands um lýðræði og mannréttindi. Hafa kínversku fjölmiðlarnir ekki einu sinni nefnt ræðu forsetans hjá háskólastudentunum í Peking né heimsókn hans í háskólann einu orði svo að séð verði. Ritskoðun í gamla stílunum – því annað er ekki hægt að kalla þetta – er því enn í blóma í Kína.

gm@frettabladid.is

Álver bóndi enn á ferð

Það mun hafa verið í kringum 1977 sem Spilverk þjóðanna gaf út plötuna Sturlu. Á þeirri plötu náði hljómsveitin að festa fingur á nýlegum en dulmögnum og áhrifamiklum menningarþætti íslensku þjóðarsálarinnar. Menningarþætti sem virtist hafa tekið sér bólfestu í sjálfsmyndinni með handritunum, huldufólkinu, dvergum og passíusálmunum. Þetta var áltrúin. Ekki álfatrúin, heldur áltrúin. Trúin á að álbræðsla væri allsherjarlausn við hverjum þeim atvinnuvanda sem að kynni að steðja. Spilverkið færði þetta í þjóðþekktan og þjóðlegan búning í laginu „Söngur dýranna í Straumsvík“, en fyrstu tvö erindin voru svona:

*Í stórum stórum steini
er skrítinn álfabær
þar býr hann álver bóndi
og alvör álfamær
álfabörn með álfatær
huldukyr – hulduær.*

*Ísland elskar álver
og alvör elskar það
þau kyrra fyrir landann
gleyma stund og stað
„ó guð vors lands“.
við útlent lag.*

Tæpum þremur áratugum eftir að þetta var sungið inn á plötu, og nokkrum álverum og álversstækkunum síðar, stöndum við enn á skrafi við álver bónda. Landshlutar takast á um að fá frá honum búsilag. Að þessu sinni eru það Suðurnesjamenn og Norðlendingar, sem kallast á um hvar álver eigi næst að rísa. Báðir hafa í höndum tilboð og pappíra frá álbændum í útlöndum, en sú breyting hefur orðið á álversumhverfi heimsins að Ísland og íslenski mengunarkvótinn er nú orðinn eftirsóttur staður fyrir slíka starfsemi og takmarka verður hversu margir komast að í einu. Þannig er það ekki lengur sjálfgefið jafnvel þótt Century Aluminium vilji reisa álver í Helgúvík og Alcoa vilji byggja álver á Norðurlandi, að þau fái til þess tækifæri – að minnsta kosti ekki bæði í einu. Stóriðjuuppbyggingunni þarf einfaldlega að stýra, þó ekki væri nema vegna virkjana-

Í DAG

ÁTÖK UM
ÁLVERSSTADSETNIGU

BIRGIR
GUDMUNDSSON



Algerlega ótímabært er að taka af skarið um það hvort annar hvor þessara staða eða báðir eigi að njóta forgangs til orku og uppbyggingar stóriðju. Það er raunar ekki tímabært að segja neitt til um það hvort stóriðja eigi yfirleitt að rísa á þessum stöðum.

framkvæmda og til að hafa einhvern hemil á þenslu. Byggðasjónarmið og ýmsir samfélagslegir innviðir skipta þar auðvitað líka máli. Þess vegna er sú risavaxna samfélagslega tilraun sem verið er að gera í tengslum við Kárahnjúka og álbræðslu á Austurlandi gríðarlega mikilvægur leiðarvísir fyrir framtíðina.

Báðir þeir staðir sem nú eru að bítast um að verða næstir í álversröðinni, Norðurland og Suðurnes, standa frammi fyrir mikilli byggðalegri og atvinnulegri röskun. Á Suðurnesjum má búast við að varnarliðið sé að mestu á förum og því fylgja víðtæk atvinnuvandamál. Víða á Norðurlandi – þó ekki á Akureyri – á byggð í vök að verjast og skemmt er að minnast lokunar kiskilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.

Það er því að mörgu leyti skiljanlegt að menn bregðist hart við þegar þeir skynja sig í samkeppni um vænlegan framtíðarvinnuveitanda í héraði – ekki síst þegar um er að ræða álver bónda sem þjóðtrúin hefur útnefnt bjargvætt með sínar huldukyr og hulduær þegar mikið liggur við.

Algerlega ótímabært er að taka af skarið um það hvort annar hvor þessara staða eða báðir eigi að njóta forgangs til orku og upp-

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Now 98.9
BYLGJAN

Reykjavík síðdegis

Alla virka daga kl. 16-18.30



Verðhrun

singstar™

Gerðu
verðsaman-
burð!



2.499 kr
Alm. verð 3.499-



2.499 kr
Alm. verð 3.499-



2.499 kr
Alm. verð 3.499-

Nýtt
í Hagkaupum



**Skemmtilegt
barnaefni**



1.999 kr
Alm. verð 2.699-

Nýtt
í Hagkaupum



1.999 kr
Alm. verð 2.699-

Nýtt
í Hagkaupum



1.999 kr
Alm. verð 2.699-

Nýtt
í Hagkaupum

Nýtt
í Hagkaupum

**Ómissandi
í Eurovisionpartý**



1.799 kr
Alm. verð 2.499-

Alm. verð 2.499-

Sýnishorn af lagalista:

Selma - If I had your love • Ruslana - Wild dances • Umberto Tozzi & Raf - Gente di mare
Herrey's - Diggi-lo-diggi-ley • Brotherhodd of man - Save your kisses for me
Milk & Honey - Hallelujah • Stjórnin-Eitt lag enn • Olsen Brothers - Fly on the wings of love
Bobbysocks - Lat det swinge • Sandra Kim - Jáime la vie • Jónsi - Heaven • Gina G - Just a little bit
Johnny Logan - What's another year? • Rollo & King - Never ever let you go • ABBA - Waterloo
Selma-All out of luck • Touch-In - Ding dinge dong • Dana - All kinds of everything
Birgitta - Open your heart • Secret Garden - Nocturne • Johnny Logan - Hold me now
Bucks Fizz - Making your mind up.....

Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



www.hagkaup.is

grænt númer sími
800 6680 568 2255

HAGKAUPA

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.081* +0,05%

Fjöldi viðskipta: 177
Velta: 2.680 milljónir

MESTA HÆKKUN

Tryggingamiðstöðin 4,76%
Actavis 1,87%
Landsbankinn 1,21%

MESTA LÆKKUN

Nýherji -1,60%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 43,60 +1,87 ... Atorka 6,05 +0,83% ... Bakkavör 34,20 - ... Burðarás 14,50 - ... FL Group 14,70 - ... Flaga 5,00 - ... Íslandsbanki 13,25 +0,38% ... KB banki 537,00 +0,37% ... Kögun 63,70 +0,79% ... Landsbankinn 16,70 +1,21% ... Marel 56,50 +0,89% ... Og fjarskipti 4,21 - ... Samherji 12,10 - ... Straumur 11,80 +0,85% ... Össur 80,00 +0,63%

* Tölur frá um 15.40. Nýjustu tölur á Vísu.

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Brostnir draumar

Pétur H. Blöndal fór á kostum sem fundarstjóri á opnum fundi Íslandsbanka um íbúðarmarkaðinn og gengu orð hans þvert á þær spár sem bankinn kynnti. Hann hóf að kynna efni fundarins með því að svara nokkrum spurningum á örökstuddan hátt eins og hann orðaði það sjálfur. Spurningunni „Er hagstætt fyrir mig að kaupa núna?“ svaraði hann neitandi og spurningunni „Á ég að selja núna?“ svaraði hann játandi. Haft var á orði að hann gæti ekki orðið góður fasteignasali. „Par fór þá draumurinn,“ svaraði hann.

Skilvirkt dómskerfi

Hið skilvirka rússneska réttakerfi lætur ekki að sér hæða. Réttarhöldum yfir Mikhail Khodorkovski, eiganda rússneska olíufyrirtækisins Yukos, hafði verið frestað itrekað og nú síðast ætlar að ganga



hægt að klára að lesa upp dóminn yfir honum. Khodorkovski, sem áður var ríkasti maður Rússlands, sagði réttarhaldið skripaleik og verjendur hans ásökuðu dómstóla um að reyna að svæfa áhuga almennings á málinu. Með þessu áframhaldi er niðurstöðu ekki að vænta fyrr en að nokkrum vikum liðnum.

Khodorkovski er sakaður um fjársvik og þykir flest benda til þess að hann verði fundinn sekur í þeim ákæruatriðum sem eftir á að úrskurða í Saksóknarar krefjast tíu ára fangelsisdóms.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Bandarískt hagkerfi virðist vera að hægja á sér samkvæmt hagvísitum Conference Board. Fimm af tíu helstu hagvísitum voru neikvæðir í apríl og lækkaði heildarvísitalan um 0,2 prósent.

Greiningardeild Landsbankans telur hættu á launaskriði í kjölfar lækunar atvinnuleysis. Atvinnuleysisstölur nálgast nú óðfluga þau mörk sem talin eru til marks um að raunverulega sé umframfæriskerfi eftir vinnuafli í hagkerfinu.

Samkvæmt Berlingske Tidende hyggst laggjaldaflugfélagið Sterling, sem er í eigu Íslandinga, bjóða flug til Flórída í Bandaríkjunum fyrir um rúmar ellefu þúsund krónur aðra leiðina.

KRAKKADAGAR 19-22 MAÍ



15% AF ÖLLUM BARNASKÓM

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)

Sveiflur á gjaldeyrismarkaði

Krónan hefur styrkst þrjú daga í röð eftir að hafa lækkað nær samfelld frá miðjum mars. Spákaupmenn nýttu sér tækifærið og seldu gjaldeyri og keyptu krónur þegar gengisvísitalan var komin í 117. Sérfræðingur spáir því að krónan verði sterk á þessu ári.

Krónan hefur styrkst þrjú daga í röð eftir nokkra veikingu frá apríl til fyrstu tveggja viknanna í maí. Gengisvísitala krónunnar stóð í 113,2 eftir hádegi í gær en fór hæst í 117 fyrir hvítasunnuna. Rétt er að geta þess að krónan styrkst þegar vísitalan lækkar og ófugt. Til samanburðar endaði vísitalan í 112,8 í lok síðasta árs og fór í 106,4 þann 21. mars og hafði krónan ekki verið sterkari síðan árið 1993, þegar gengið var síðast fellt.

Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur á greiningardeild Landsbankans, segir að krónan hafi veikt nokkuð þegar ríkisstjórnin greip til þess ráðs að greiða niður erlendar skuldir, um 100 milljónir Bandaríkjadala, sem er ekki há upphæð. „Það er greinilegt að gjaldeyrismarkaðurinn er mjög viðkvæmur fyrir öllum efnahagstíðindum. Þegar gengisvísitalan var komin í námunda við 106 var það almannarómur að krónan væri orðin of sterk. Sama gerðist þegar hún var komin í námunda við 117 stig en þá mátu spákaupmenn stöðuna svo að krónan væri orðin ódýr,“ segir hann.

Fréttir af hugsanlegum álfersframkvæmdum hafa haft sitt að segja um viðsnúninginn á gjaldeyrismarkaðnum. Björn Rúnar leggur áherslu á að ekkert hafi verið ákveðið um þær framkvæmdir. Það er þó ljóst að



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON Greiningardeild Landsbankans telur þær sveiflur sem hafa orðið á gjaldeyrismarkaði að undanfömu vera innan eðlilegra marka. Spákaupmenn hafa keypt krónur í vikunni og styrkt þar með gengi hennar.

verði af þeim verður bankinn að endurskoða spár sínar um gengisþróun krónunnar á næstu misserum.

Spákaupmenn leika stórt hlutverk á markaðnum og hafa nýtt sér sveiflurnar. „Þeir hafa beðið eftir stundinni að kaupa krónur aftur og sáu gildið 117 sem kaupaþækifæri. Þeir hagnast á því að selja gjaldeyri og kaupa krónur og nýta sér þann vaxtaman sem er krónunni í vil.“

Landsbankinn gerir ráð fyrir

því að krónan verði tiltölulega sterk fram á næsta ár, meðal annars vegna vaxtamunar við útlönd. „Þær sveiflur sem orðið hafa á markaðnum að undanförmu eru innan eðlilegra marka að okkar mati,“ segir Björn Rúnar.

Bankinn spáir því að krónan haldist tiltölulega sterk á þessu ári en sér fyrir sér að hún nái jafnvægi í kringum 125 stig þegar til lengdar lætur.

eggert@frettabladid.is

MAURICE LACROIX
SWITZERLAND
Eitt vandaðasta úr veraldar

Delma
Alfex
Aigner
DKNY
D&G
Casio
Diesel
Fossil
Axcent
Mercedes Benz
Maurice Lacroix

ÚTSKRIFT
Úrvalið er hjá okkur

Jon & Oskar
Laugavegi 61 • Sími 552 4930

ÚR • SKARTGRIPIR • GJAFAVARA • www.jonogoskar.is

Er fundur framundan?

Að loknum árangursríkum fundi er tilvalið að taka golfhring í náttúruparadísinni Gufudal og njóta síðan heitu pottanna og gufubaðsins við hótelið.

Viðskiptavinir Hótel Arkar hafa frítt aðgengi að tveimur golfvöllum í Hveragerði.

Veitingastaðurinn Árgerði er opinn alla daga frá klukkan 11.00 til 22.00.

HÓTEL ÖRK
Sími 483 4700
info@hotel-ork.is
www.hotel-ork.is

Golfsumar á Hótel Örk

Hótel Örk—Paradís rétt handan hæðar!



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 3.57	13.24	22.54
AKUREYRI 3.19	13.09	23.02

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er föstudagur 20. maí,
140. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Pabbi!
Hver kemur með
börnin handa
storkinum?!



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 6

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**SMÁAUGLÝSINGAR
Á 995 KR.**

**PÚ GETUR PANTAÐ
ÞÆR Á visir.is**

visir

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR **MATUR** BÍLAR ATVINNA BRÚÐKAUP FJÁRMÁL **TILBOÐ** o.fl.

allt

matur o.fl.

Girnileg límónubaka

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Magnús og fjölskylda í portinu við nýja kaffihúsið á Laugaveginum.

Kósí kaffihús í bakhúsi við Laugaveg

Gæðakaffi, heimabakað og plokkskur í hádeginu.

„Við erum í bakhúsi á Laugavegi 55 þannig að kaffihúsið hefur hlotið nafnið Bakhúsið. Þetta er óskaplega kósí kaffihús á tveimur hæðum,“ segir Magnús Magnússon, sem á kaffihúsið ásamt eiginkonu sinni, Söndru Guðmundsdóttur. „Hér verður aðaláherslan á gott kaffi, brauð og heimabakaðar tertur. Við ætlum þó að bjóða upp á plokkskur í hádeginu út þennan mánuð að minnsta kosti, það er svona tilraun og ekki síst hugsað fyrir ferðamennina sem vilja gjarnan prófa eitthvað íslenskt.“

Guðmundur býður upp á Bononi-kaffi frá Ítalíu sem honum finnst persónulega besta kaffi í heimi. „Ég fæ þetta kaffi beint úr brennslu með flugi svo það verður alltaf

ferskt og fínt. Í framtíðinni ætlum við líka að selja kaffið út, bæði nýmalað og baunirn-ar.“

Bakhúsið er eitt þeirra húsa sem stendur til að rífa við Laugavegin, en Guðmundur er mikill húsfriðunarmaður. „Við erum búin að taka þetta allt í gegn, bæði húsið sjálft og portið, sem er nú hellulagt og með fallegum blómabedum og ljósaskreytingum. Ég vil með þessu framtaki benda á að það er hægt að gera eitthvað annað en rífa og tæta og byggja stóra steinkastala.“

Til að byrja með verður Bakhúsið opið til sex á daginn, en þegar líður á sumarið er stefnt að lengri opnunartíma. „Aðaláherslan er á kaffið, meðlætið og stemminguna, en við erum að sjálfsgöðu líka með bjór og léttar vínveitingar.“

LIGGUR Í LOFTINU

í tilboðum

Klíkk klakk-sófar sem er breytt með einu handtaki í svefnsófa eru á 25% kynningar-tilboði í versluninni Setti sem er til húsa í Hlíðasmára 14 í Kópavogi. Þeir eru af gerðunum Max og Matrix og kosta 29.900 og 24.900 kr.



Rekstrarvörum á Réttarhálsi 2. „Svona dætur eru nauðsynlegar til að þrifa sólpallana, grindverkin, húsið, stéttina, hesthúsið og önnur gripahús. Sumir eru svo með eina netta í bílskúrnum til að þvo bílinn með,“ segir Ásdís afgreiðslustúlka hjá Rekstrarvörum.

Mongoose alvöru fjallahjól fyrir börn á aldrinum þriggja til níu ára eru á sumartilboði hjá Fjallahjólalabúðinni í Faxafeni 7. Afslátturinn nemur 15-25% og 1.000 krónu afsláttur er þar líka af öllum reiðhjólahljúmum.

Háprýstidætur til að auðvelda vorverkin eru á 20% afslætti í

Vandaður sumarfatnaður á börnin er á tilboði í Fífunni á Bíldshöfða 20. „Þetta eru fót með merkinu Mini Kids og kemur frá Danmörku en eru saumuð í Portúgal þar sem engin barnaprælkun er,“ segir Magnús Ólafsson verslunarstjóri. Tilboðið stendur til 23. maí.

tilbod@frettabladid.is

Þín eigin heilsulind!

HotSpring®

Portable Spas

Bandrískir hágæða pottar

Nú er rétti tíminn til að panta HotSpring rafmagns nuddepottinn vegna hagstæðs gengis dollarans

Vista® Spa 6 manna 2,5 x 2,31 háð 97 sm	Grandee® Spa 7 manna 2,54 x 2,31 háð 97 sm	Envoy® Spa 5 manna 2,36 x 2,26 háð 91 sm	Vanguard® Spa 6 manna 2,20 x 2,20 háð 91 sm	Sovereign® Spa 6 manna 2,03 x 2,36 háð 84 sm	Prodigy® Spa 5 manna 1,88 x 2,21 háð 84 sm	Jetsetter® Spa 3 manna 2,08 x 1,57 háð 74 sm



ISLEIFUR JÓNSSON
Bolholti 4 • 105 Reykjavík
Sími 568 0340 • www.isleifur.is

allt

matur o.fl.

Blómkál

Blómkál inniheldur ensím sem geta komið í veg fyrir krabbamein og er að auki stúffull af C- og B-vítamíni ásamt kalíum og ögn af K-vítamíni. Blómkál er ljúffengt bæði hrátt og soðið.



BOOMERANG BAY: Ástralskur sigurvegari

Boomerang Bay Cabernet Shiraz frá Ástralíu, sem kom á markaðinn hér á landi í fyrri, hefur náð þeim einstaka árangri á skömmum tíma að verða söluhæsta 75 cl víníð í Vínbúðum og þ.a.l. langsöluhæsta ástralska rauðvíníð. Það hefur verið á kynningarverði á áströlskum dögum í Vínbúðunum og mokast út en áströlsku dögnum lýkur nú um helgina.

Rauðvíníð Boomerang Bay Cabernet Shiraz kemur frá hinum virta víngerðarmanni Grant Burge. Víníð er þægileg blanda af þrjúgum cabernet og shiraz og á mjög hagstæðu verði – þau eru nú ekki mörg vínin frá Ástralíu sem fást fyrir minna en þúsund krónur. Nafnið dregur víníð af flóanum sem vínekrurnar standa við, Bjúgvörpilsflóa, eins og hin skemmtilega útlekking á Boomerang Bay er á okkar ástkæra ylhýra! Von er á fleiri tegundum af Boomerang Bay í Vínbúðir á komandi mánuðum að sögn innflutningsaðilans Rolfs Johansen & Company.



Kynningarverð á áströlskum dögum 940 kr.

NÝJAR VÖRUR

áman

Skeifunni 11d
Sími 533 1020

Fissler

Stálpottasett á góðu verði
Brúðhjónalistar og gjafakort



búsáhöld

KRINGLUNNI

Sími: 568 6440 | busahold@busahold.is



Jói Fel

Osta- og ólífubrauð
að hætti Jóa Fel

- full af ólífum og hvítlauk

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.

Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.



Sigríður Harðardóttir hefur gaman af að elda og finnst það afslappandi eftir erfiðan dag.

Matseldin afslöppun frá daglegu amstri

Sigríður Harðardóttir, ritstjóri og einn eigenda JPV-útgáfu, er annálaður eðalkokkur og lumar á mörgum uppskriftum.

Nú eru Sigríður og eiginmaður hennar, Páll V. Bjarnason arkitekt, aðeins tvö í heimili, en þó börnin séu farin að heiman eru þau tíðir gestir í föðurhúsum og oft fjölmennit við matborðið. Sigríður segir að matavenjurnar hafi tekið einhverjum breytingum í áranna rás, en hún hafi þó alltaf lagt áherslu á hollt og gott mataræði.

„Við Páll byrjuðum okkar búskap í Bretlandi og fórum snemma að prófa okkur áfram með grænmeti. Það kom auðvitað fyrir að við keyptum eitthvað sem við kunnum engin skil á eins og þegar ég fór á Portobello Road og keypti girnilega, risastóra bana. Við vorum búin að gera ýmsar tilraunir áður en við fengum að vita að þeir voru ætlaðir til að sjóða eða steikja og nota sem meðlæti.“

Þegar Sigríður og Páll komu heim og stofnuðu fjölskyldu segist Sigríður hafa rekið heimilið eins og fyrirtæki eða stóbýli.

„Ég tók alltaf slátur og svo keyptum við svín og naut sem við verkuðum í frystikistuna. Við vöndum okkur líka snemma á að gera stórinna einu sinni í viku, sem þótti reyndar svolítið nýstárlegt þá.“

Sigríður var útvinnandi með þrjú litil börn og Páll sá oftast um innkaupin. „Við bjuggum í Hafnarfirði þannig að hann fór í Fjarð-

arkaup og tók þá oft stelpurnar með. Hann var oft að dást að því hvað hann fékk góða þjónustu, en einhvern tíma þegar ég fór með varð uppi fótur og fit. Þá kom í ljós að afgreiðslustúlkurnar héldu að hann væri ekill með þrjú börn og höfðu snúist í kringum hann fullar aðdáunar. En það hefur

reyndar alltaf verið frábær þjónusta í Fjarðarkaupum,“ segir Sigríður og skellihlær.

Hún segir að eiginmaðurinn hafi aldrei verið mjög liðtækur í eldhúsinu nema hvað hann sé alltaf með árdegisverð á laugardögum og sunnudögum. „Þá er hann með egg, beikon og brauð og hefur vakið aðdáun vinkvenna minna, sem héldu lengi vel að hann væri hinn fullkomni eiginmaður,“ segir Sigríður og hlær enn meir.

Sigríður eldar kvöldmat á hverju kvöldi og finnst það bara afslappandi eftir erfiðan dag. „Nei, ég lendi aldrei í neinum alvarlegum krísum með hvað ég á að hafa í matinn,“ segir hún. „Ég reyni að hafa þetta einfalt og gott.“

Hún lumar á fjölda uppskrifta sem hún hefur sankað að sér í gegnum árin, en eina hefur hún þó aldrei prófað sjálf. „Við dvöldum einu sinni tímabundið hjá vinkonu minni við Gardavatn, sem er af ríku fólki og býr þar í reisulegu húsi með vinkjallara og þjónustufólk. Ráðskonan var von að búa til unaðslega spægipylsu og ég bað hana um uppskrift.“

„Já, það er ekkert mál,“ sagði hún og gaf mér uppskriftina, sem byrjaði svona:

1 svín.
Ég komst aldrei lengra,“ segir Sigríður skellihlæjandi.

Hún gefur lesendum uppskrift að gómsætum laxarétti.

edda@frettabladid.is



Lax að hætti Sigríðar

- 1 flak af laxi
- 1 sítróna
- 1 límóna
- nýmalaður pipar
- salt (maldon er best)
- hvitvín

Flakið lagt í smjörpappír, saltað og piprað, sítrónu- og límónusneiðum raðað á. Hvitvíni hellt yfir og bakað við 200 gráður í tólf til fimmtán mínútur.



Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR EFTIRRÉTT

Límónubaka

Köld og björt og frískandi er límónubakan svolítið eins og máísólin sjálf. Listakokkurinn Anna Hrönn Jóhannsdóttir kom færandi hendi með þessa uppskrift frá Suðurríkjum Bandaríkjanna. Þetta er baka sem gott er að eiga í frystinum og taka fram þegar hitinn fer að kæfa okkur í sumar. Gerið botninn með því að blanda kexmylsnu, sykri og smjörbráð vel saman. Smyrjið bökuform og þrýstið svo mylsnublöndunni jafnt yfir botninn og upp eftir hliðum formsins. Bakið í 175 gráðu ofni í 10 mínútur. Kælið. Útbúið fyllinguna með því að þeyta sykurlu og eggjarauður vel saman, þar til blandan verður þykk og ljós. Blandið þá mjólkinni, límónuberki og límónusafa út í. Hellið svo blöndunni í skelina og frýstið. Takið út úr frystinum 10 mínútur áður en bakan er borin fram. Skreytið með þeyttum rjóma og límónubátum. ■



BOTNINN	
1/2 pakki hafrakex (gerir um 3 dl af mylsnu)	
1/2 dl sykur	
6 msk. smjör (brætt)	
FYLING	
6 eggjarauður	
1/2 dl sykur	
1 dós niðursoðin þykk sykruð mjólk (fæst í versluninni Filipseyjum á Hverfisgötu)	
2 msk. rifinn límónuberkur safi úr 4-5 límónum	

FRESITA: Létt, freyðandi og fagurrautt

Á heitu sumarkvöldi á því herrans ári 1717 rakst landkönnuðurinn Amedee Frezier á blóðrauðan ávöxt, þar sem hann var á ferðum sínum um hið nýfundna land Chile. Frakknum forvitna þótti ávöxturinn fagurrauði hafa einstaklega sætan og höfugan ilm og bragðast yndislega. Hann var ákaflega uppnuminn yfir fundi sínum og færði frönsku konungshirðinni fyrstu jarðarberjaplönturnar, sem Spánverjar nefndu Fresita, við heimkomu sína. Franska drottningin tók miklu ástfóstri við berin blómlegu og kaus að njóta þeirra með daglegu kampavinsglasi sínu. Komst þessi samsetning í tísku og nú hafa Chilemenn sameinað þessi tvö dýrðlegu hráefni í einum drykk. Íslendingar hafa tekið Fresita opnum örmum og er það vinsælasta freyðivínið hérlandis. Fresita er ferskt og mjúkt vín með einstaka bragðfyllingu og hentar vel sem fordrykkur eða vín með eftiréttum. Það er 100% náttúruafurð og er lágt í alkóhóli, eða 7,9%. Það er ákaflega góður grunnur fyrir kokkteila, t.d. ef blandað er í það smá lögg af rommi, koniaki, vodka, tekíla eða líkjör.



Fæst í þremur stærðum í Vínbúðum: 750 ml flaska kostar 890 kr., 375 ml flaska kostar 490 kr. og 187 ml flaska 239 kr.



Fáðu hól fyrir framan sjónvarpið

PETER LEHMANN: Hörkukaup í gæðavínum

Ástralskir dagar hafa staðið undanfarnar vikur og hafa fjölmargir vinnendur nýtt sér að þar má gera hörkugóð kaup í gæðavínum. Meðal þeirra vína sem fást á kynningarverði eru fjögur vín frá meistara Peter Lehmann, einum kunnasta vingerðarmanni Ástralíu. Einnig er vert að benda á að fleiri vín frá Lehmann hafa lækkað í verði nýlega vegna aukinnar sölu hérlandis og hagstæðari innkaupa. Peter Lehmann er einn kunnasti vínframleiðandi Ástralíu, oft nefndur baróninn af Barossa. Lehmann-víni hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim og er Ísland þar engin undantekning. Ein vinsælasta vínlínan frá Peter Lehmann nefnist Wildcard enda þykir Lehmann mikill „gambler“, tók mikla áhættu við uppbyggingu hátæknivædds vingerðarhúss síns og þótti því viðeigandi að nefna fyrirtækið eftir söguhetjunni Sky Masterson, fjárhættuspilaranum mikla úr bókum bandaríska smá-sagnahöfundarins Damon Runyons.



Peter Lehmann Wildcard Chardonnay Afar góð ræktunarskilyrði eru fyrir chardonnay-þrúgunu í Suður-Ástralíu. Vínið hefur ferskan ávaxtaríkan karakter með smá suðrænum blæ þar sem greina má melónur og ferskjur ásamt hungangsvotti. Vínið er einstaklega vel samstillt með hreint og ferskt eftirbragð. Hentar vel með flestu sjávarfangi og ljósu kjóti.

Kynningarverð á áströlskum dögum 990 kr.

Peter Lehmann Wildcard Shiraz Vín úr shiraz-þrúgunni eru sennilega þekktustu vínaforðir Ástralíu, allt frá skemmtilegum neyslutegundum upp í gríðarstór og mikil vín. Berjasprengja af bestu gerð, kryddaður karakter en engu að síður er fínleiki og mjúkt í fyrirrúmi og jafnvægið gríðarlega gott.

Kynningarverð á áströlskum dögum 1.090 kr.



Jói Fel

Brownies að hætti Jóa Fel

- stökkt að utan, mjúkt að innan

Kleppsvægi 152 Smáralind Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16. Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

SÓMI

Nánari upplýsingar á somi.is

Ætlar þú að horfa á Eurovision?

Voga idýfurnar eru frábærar með snakkinu



með kryddblöndu



með papriku-blöndu



með lauk

Sumar gjafir skipta öll börn máli!
 Gefum börnum góða sumargjöf

Tilboðsdagar í KAYS
 Mikil lækkun á mörgum vöruflokkum

B. Magnússon
 Austurhrauni 3, Gbæ
 www.bmagnusson.is

Sumarföt og m. fleira

Útskriftargjafir

Lokkar
 Men
 Hringar
 FRÁ LUMANI

GULL-ÖRID
 Axel Eiríksson
 Grambærastar
 Álfabakka 16
 sími 587 4100
 MJÖDDINN

Kynning í Kringlunni
 Afsláttur allan daginn!
 20. maí

Nº7
 Lyf & heilsa

ELDHÚS & BAÐ í bústaðinn

SUMAR TILBOÐ!

www.i-t.is

KYNTU ÞÉR ÚRVALD Á NETINU

Eldhúsið

Vandaðar innréttingar úr gegnheilli furu

Á MJÖG HÁGSTÆÐU VERÐI!

INNRETTINGAR & TÆKI

OPÍÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14
 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Baðherbergið

RAPUNZEL De Rit Yggdrasill SONET ekoland

NATUURPRODUCTEN S: 562-4082 • www.yggdrasill.is

OPNUM Í DAG 20. MAÍ
NÝJA, GLÆSILEGA VERSLUN VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG 16.
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR.

Múslí
 ...gefur orku sem endist allan daginn. Er unnið úr lífrænt ræktuðu korni. Enginn viðbættur sykur.

20% AFSLÁTTUR af Rapunzel ávaxtamúslí og original múslí út maí.

30% AFSLÁTTUR af agúrkum frá Akri

10% AFSLÁTTUR af lífrænni jógúrt

Partýdrykkur ársins!!!
 Ljúffeng spelpizza tilbúin beint í ofninn
 Nýtt!! Frystivörur, ís, lasagna, pizzur, o.fl.

20% AFSLÁTTUR af brauðum frá Brauðhúsi Grímsbæ

Loksins!
 Sojarómi sem hægt er að þeyta/eða tilbúinn í sprautubrúsa beint á kökuna.
200 fyrstu viðskiptavinirnir fá óvæntan glaðning.

20% AFSLÁTTUR af öllum vörum dr. Gillian McKeith út maí

Hollari Kartöfluflogur!!!
 Úr lífrænt ræktuðum kartöflum.
 Ekkert MSG - Engar hertar olíur afsláttur af kartöfluflogum út maí

Opnunartími:
 Mánudaga-fimmtudaga 10-18
 Föstudaga 10-18.30
 Laugardaga 11-16
 Sunnudaga lokað



Vatnsleysustrandarhreppur

Vogar færast í vöxt – lóðaúthlutun

Vatnsleysustrandarhreppur auglýsir til umsóknar fjórar einbýlishúsalóðir við Lyngdal í Vogum. Lóðirnar eru staðsettar í nýju hverfi sunnan megin í Vogum.

Umsækjendur skulu sækja um lóð við götuna án þess að tilgreina sérstaklega lóðanúmer. Allir umsækjendur sem standast almennar reglur um úthlutanir lóða í hverfinu (sjá úthlutunarskilmála á heimasíðunni www.vogar.is), geta sótt um, þó þannig að ekki er krafist greiðslumats fyrr en úthlutun hefur farið fram. Umsækjendum verður úthlutað númeri sem skipar þeim í forgangs röð við val á lóðum við götuna. Dregið verður úr úthlutaðum númerum á skrifstofu Sýslumannsins í Keflavík.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 30. maí 2005 og mun hreppsnefnd taka umsóknirnar fyrir á fundi 7. júní 2005. Gert er ráð fyrir að frágangi götunnar verði lokið 15. ágúst 2005 og að framkvæmdir á lóðunum geti þá hafist.

Umsóknareyðublöð og skipulagsupprættir fást á skrifstofu Vatnsleysustrandarhrepps að lóndal 2, Vogum og á heimasíðunni www.vogar.is

Nánari upplýsingar veitir skipulags- og byggingafulltrúi í síma 424-6660.

**Skipulags- og byggingafulltrúi
Vatnsleysustrandarhrepps.**



Akureyri

ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Tillaga að deiliskipulagi:

Naustahverfi skipulagsáfangi II

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. tillögu að deiliskipulagi II. skipulagsáfangi Naustahverfis. II. áfanginn liggur vestan I. áfanga, sem er í byggingu, og afmarkast sá fyrrnefndi af golfvelli að vestan og af Tjarnarhól að norðan. Stærð skipulagssvæðisins er 19,9 ha og er gert ráð fyrir alls 432 íbúðum samkvæmt tillögunni í húsum af ýmsum gerðum.

Tillöguupprættir og skýringargögn munu liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, til föstudagsins 1. júlí 2005, svo að þeir sem þessa óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is> undir: *Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16⁰⁰ föstudaginn 1. júlí 2005 og skal athugasemdir skilað til Umhverfisdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykktur.

20. maí 2005
Skipulags- og byggingafulltrúi
Akureyrarbæjar.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is



Reykjavíkurborg

Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Lambhagi.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Lambhaga.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að byggingareitur gróðurhúsa er gerður heildstæður og ekki reynt að gefa til kynna einstakar byggingar innan hans eins og áður var gert. Hámarksnýtingarhlutfall á lóðinni verður 0,24

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Víðdalur – Fákur.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði Fáks í Víðidal.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir breytingum á reiðleiðum ásamt nýjum reiðleiðum og breytingar og endurnýjanir á hesthúsum. Einnig verði gerð ný reiðgöng undir Breiðholtsbraut samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 20. maí til og með 1. júlí 2005. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 1. júlí 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillögurnar.

Reykjavík, 20. maí 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNSENDIR 562 3219



Ert þú með fótaóeirð?

Klínísk lyfjarannsókn

Óskað er eftir sjálfbodaliðum á aldrinum 18-64 ára til þátttöku í klínískri rannsókn á rannsóknarlyfi sem verður prófað í fyrsta sinn við fótaóeirð. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar. Aðalrannsakandi er Þórður Sigmundsson læknir og meðrannsakendur hans eru lækarnir Albert Páll Sigurðsson og Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir.

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna öryggi og verkun rannsóknarlyfsins, SEP-226330, við fótaóeirð. Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum. Ekki er gert ráð fyrir að þátttakendur fái langvarandi bata af meðferð með rannsóknarlyfinu en niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í lækisfræðilegum rannsóknnum og meðferð fótaóeirðar.

Um 120 einstaklingar með fótaóeirð munu taka þátt í rannsókninni sem verður framkvæmd á rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna ehf. – Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík. Rannsóknin tekur yfir 6 vikna tímabil og gert er ráð fyrir 6 heimsóknum á rannsóknarsetri.

Þeir sem kynnu að hafa áhuga eru beðnir um að leita frekari upplýsinga um rannsóknina hjá Ragnheiði H. Friðriksdóttur hjúkrunarfræðingi rannsóknarinnar í síma 664 9930 eða hjá rannsakendum í síma 510 9900.

Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegssvæði landsins með viðtæka starfsemi viðsvegar um Evrópu. Samherji hf hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum verksmiðjum í landi.



SAMHERJI hf

Vélstjóri

Samherji hf óskar eftir vélstjóra til starfa á frystitogara.

Menntun og hæfniskröfur
• Lágmarksréttindi VS 1

Umsækjendur er vinsamlegast beðnir um að sækja um á heimasíðu Samherja hf <http://www.samherji.is>

Upplýsingar um starfið gefur Anna María Kristinsdóttir starfsmannastjóri Samherja hf (anna@samherji.is) Sími 460-9000

Meiraprófsbílstjórar óskast



AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjórum til sumarafleysinga, viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn: Trailer. Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga. Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. ennig er hægt að sækja um á www.adfong.is

ADFÖNG



Er þú ert til í að vinna með góðu og hressu fólki, þá vantar okkur duglegt og samviskusamt fólk í þjónustu í sumar.

Ef þú telur þig passa í starfið, þá endilega vertu í sambandi við Núnó í síma 551 2344, virka daga milli 15 & 17.

Kaupa útvarpsstöðvar

Ár og dagur, sem gefur út Blaðið og er í eigu Sigurðar G. Guðjónssonar og Karls Gardarsonar, og Íslenska sjónvarpsfélagið, sem rekur Skjá einn og er í meirihlutaeigu Símans, hafa keypt allt hlutfé í Pýrit sem rekur útvarpsstöðvarnar Kiss FM og XFM.



SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON STJÓRNARFORMAÐUR ÁRS OG DAGS ÁR og dagur hefur ásamt Íslenska sjónvarpsfélaginu fest kaup á Pýrit fjölmiðlun. Sigurður segir ætlunina ekki vera að sameina reksturinn.

fjölmiðla og ekkert hafi verið rætt um að fleiri aðilar komi að kaupnum. Aðspurður hvort ætlunin sé að sameina reksturinn, og gera þannig Blaðið, Skjá einn og Pýrit að fjölmiðlasamsteypu segir hann ekkert slíkt í farvatninu. Þetta séu einungis þrjú sjálfstæð félög.

Sigurður vildi ekkert gefa upp um kaupverð bréfinna.

- jsk

Yfirtaka Björgólfs á finnsku símafyrirtæki:

Stefnir á afskráningu

Félag í meirihlutaeigu Björgólfs Thors Björgólfssonar reynir áfram að ná yfirráðum í finnska símafélaginu Saunalahti. Félagið stefnir á að eignast yfir niútiú prósent í símafyrirtækinu og afskrá það úr finnsku kauphöllinni, samkvæmt vefmiðlinum Helsinki Sanomat. Heimildir Fréttablaðsins herma að í fyrradag hafi verið komið vilyrði fyrir yfir helmingi hlutfjárins.

Finnskur fjárfestir að nafni Kai Mäkelä getur komið í veg fyrir þessi áform, að mati Helsinki Sanomat, þar sem hann ráði yfir ellefu prósentum í félaginu. Hann vildi ekki staðfesta

í fyrradag hvort af sölunni yrði og hann væri að hugsa sinn gang.

Saunalahti hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins náð tíu prósentu markaðshlutdeild á finnska markaðnum á átján mánuðum. Símafyrirtækið hafi verið í fararbroddi í ýmsum nýjungum og velgt stærri fyrirtækjum undir uggum. Á Newratings.com kemur fram að bankinn Credit Suisse First Boston telji að kaupin hafi neikvæð áhrif á finnska síma-markaðinn. Vonast hafi verið til að innlendir samkeppnisaðili keypti fyrirtækið til að draga úr samkeppni. ■



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON



ACTAVIS ER Í VIÐRÆÐUM UM KAUP Á INDVERSKU LYFJAFYRIRTÆKI Stjórnendur fyrirtækisins telja aukin umsvif á Indlandi lykilaðri í framtíð þess.

Actavis kaupir á Indlandi

Actavis er í viðræðum um yfirtöku á lyfjafyrirtæki Emcure á Indlandi, segir í indverska blaðinu Business Standard.

Fyrr á árinu gerði Actavis samstarfssamning við fyrirtækið um framleiðslu fyrir Bandaríkjamarkað á fjórum samheitalyfjum sem Actavis hefur þróað.

Stjórnendur Actavis telja að ætli samheitalyfjafyrirtæki sér að halda í við keppinautana sé lykilaðri að auka umsvif sín á Indlandi og nýta sér sérþekkingu og lágan framleiðslukostnað í landinu.

- jsk



KÁRAHNJÚKAR Virkjanaf framkvæmdir á Austurlandi réðu mestu um veltuaukningu í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

Aukin umsvif í hagkerfinu

Umsvifin í hagkerfinu jukust í janúar og febrúar um 10,4 prósent að nafnvirði sé miðað við sama tímabil síðasta árs. Bendir þetta til þess að hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi hafi verið mikill.

Af einstökum atvinnugreinum var veltan mest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, þar sem varð 25 prósentu aukning. Virkjanaf framkvæmdir á Austurlandi hafa mest um það að segja.

Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um veltu samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum í janúar og febrúar.

- jsk

Mosaic seldist upp


Mikil eftirspurn var eftir nýju hlutfé bresku tískukeðjunnar Mosaic sem boðið var íslenskum fagfjárfestum til kaups. Samtals óskuðu fagfjárfestar eftir að kaupa rúmlega fjórfalt fleiri hluti en í boði voru. Söluverð hlutanna nemur 3,7 milljörðum króna, en um er að ræða nýja hluti sem seldir voru á genginu 13,6. Hlutfjárfjárboðið er liður í undirbúningi að skráningu Mosaic Fashions í Kauphöll Íslands.

Almennt hlutfjárútbóð Mosaic Fashions hf. er áformað 6.-10. júní næstkomandi og útgáfa útbóðs- og skráningarlýsingar þann 31. maí næstkomandi en fyrir maílok er fyrirhugað að sækja um skráningu á hlutfé félagsins í Kauphöll Íslands.

- hh



Akraland ehf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
sími 599 4000, fax 599 4001



ATH.
Lokafrestur fyrirhluta er í dag til kl. 15:00

www.akraland.is

■ Tilboðsfrestur 20. maí
□ Tilboðsfrestur 03. júní

GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Komnar eru í sölu frábærar eignarlóðir í Akrahverfi, hverfið er vel staðsett á grónu svæði á besta stað í Garðabæ.

Þetta eru góðar byggingarlóðir á frjósömu svæði mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu með fljótfnar umferðaræðar til allra átta.

Um er að ræða 49 lóðir sem seldar verða í tveimur hlutum og gert er ráð fyrir að þær verði byggingarhæfar í október á þessu ári.

Tilboðum í 26 lóðir sem eru í fyrrihlutanum skal skila eigi síðar en **í dag 20. maí 2005 kl. 15:00** og í lóðir í seinni hlutanum eigi síðar en föstudaginn **3. júní kl. 15:00**.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akralands þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasölnurnar Borgir og Eignamiðlun munu einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærðir þeirra og nýtingu, einnig upplýsingar um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands www.akraland.is

Þar er einnig að finna nauðsynleg gögn sem tilboðsgjafar þurfa að kynna sér, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá og sölu- og skipulagsskilmála.



Verðhrun

singstar™

Gerðu
verðsaman-
burð!



2.499 kr

Alm. verð 3.499-



2.499 kr

Alm. verð 3.499-



2.499 kr

Alm. verð 3.499-

Nýtt
í Hagkaupum



Skemmtilegt
barnaefni



1.999 kr

Alm. verð 2.699-

Nýtt
í Hagkaupum



1.999 kr

Alm. verð 2.699-

Nýtt
í Hagkaupum



1.999 kr

Alm. verð 2.699-

Nýtt
í Hagkaupum

Nýtt
í Hagkaupum

Ómissandi
í Eurovisionpartý



1.799 kr

Alm. verð 2.499-

Sýnishorn af lagalista:

Selma - If I had your love • Ruslana - Wild dances • Umberto Tozzi & Raf - Gente di mare
Herrey's - Diggi-lo-diggi-ley • Brotherhood of man - Save your kisses for me
Milk & Honey - Hallelujah • Stjórnin-Eitt lag enn • Olsen Brothers - Fly on the wings of love
Bobbysocks - Lat det swinge • Sandra Kim - Jáíme la vie • Jónsi - Heaven • Gina G - Just a little bit
Johnny Logan - What's another year? • Rollo & King - Never ever let you go • ABBA - Waterloo
Selma-All out of luck • Touch-In - Ding dinge dong • Dana - All kinds of everything
Birgitta - Open your heart • Secret Garden - Nocturne • Johnny Logan - Hold me now
Bucks Fizz - Making your mind up....

Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN

www.hagkaup.is

grænt númer

800 6680

sími

568 2255

HAGKAUPA



STÓRT SKARÐ Meiðsli Olgu Færseth voru mikið áfall fyrir kvennalið ÍBV.

Landsbankadeildin: Tvær frá Everton til ÍBV

FÓTBOLTI Kvennalið ÍBV í Landsbankadeildinni sem vann 12-2 sigur á ÍA í fyrstu umferð hefur fengið til sín tvær 17 ára stelpur frá enska liðinu Everton. Þetta eru markvörðurinn Danielle Hill og miðjuleikmaðurinn Chantell Parry en kvennalið Everton er mjög sterkt og með því leika m.a. Sammy Britton og Rachel Brown, landsliðsmarkvörður Englands, sem báðar hafa leikið með ÍBV. Daniela og Chantell hafa báðar leikið landsleiki með yngri landsliðum Englands og spiluðu t.d. báðar með U-19 ára liðinu sem vann sér sæti í UEFA Championship-úrslitakeppninni en hún fer fram dagana 20.-31. júlí í sumar.

Landsleikir í körfubolta: Enskar konur í heimsókn

KÖRFUBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta leikur í kvöld fyrsta vináttulandsleikinn af þremur gegn Englandi en leikurinn hefst klukkan 18.00 í DHL-Höll þeirra KR-inga vestur í bæ. Þetta verður sjötti landsleikur þjóðanna á einu ári en íslensku stelpurnar eru að leggja lokahönd á undirbúning sinn fyrir Smáþjóðaleikana í Andorra í lok mánaðarins. Liðin mætast síðan aftur í Kópavogi á morgun og í Njarðvík á sunnudaginn.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
17 18 19 **20** 21 22 23

Föstudagur

LEIKIR

- 18.00 **Ísland** og **England** mætast í vináttulandsleik kvenna í körfubolta í DHL-Höllinni.
- 20.00 **Neisti** og **Boltafélag Norðfjarðar** mætast á Djúpvogsvelli í VISA-bíkar karla í fótbolta.
- 20.00 **Augnablik** og **Afríka** mætast í Fifunni í VISA-bíkar karla í fótbolta.

SJÓNVARP

- 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.
- 07.00 **Olíssport** á Sýn.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn.
- 16.45 **Þú ert í beinni** á Sýn.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.00 **Gillette-sportpakinn** á Sýn.
- 19.30 **Motorworld** Allt um akstursíþróttir á Sýn.
- 20.00 **Meistaradeildin** fréttapáttur á Sýn.
- 20.30 **FA-bíkarinn** á Sýn. Ítarleg umfjöllun um úrslitaleikinn sem fer fram á milli Man. Utd og Arsenal í Cardiff á laugardaginn.
- 21.00 **HM í Póker** á Sýn.
- 23.15 **Enska 1. deildin** á Sýn. Sýnt frá leik Ipswich og West Ham.
- 1.00 **NBA** Úrslitakeppnin í NBA á Sýn. Bein útsending frá sjötta leik Dallas og Phoenix.

Jörundur Áki Sveinsson hefur valið kvennalandsliðshóp gegn Skotum: Ásthildur aftur inn í kvennalandsliðið

FÓTBOLTI Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari A-andslíðs kvenna, hefur valið leikmannahóp Íslands fyrir vináttulandsleikinn gegn Skotum, sem fram fer á McDiarmid Park í Perth 25. maí næstkomandi.

HÓPURINN GEGN SKOTUM:

Póra Björg Helgadóttir	Breiðablíki
Guðbjörg Gunnarsdóttir	Val
Ásthildur Helgadóttir	Malmö FF
Erla Hendriksdóttir	Skovlunde IF
Katrín Jónsdóttir	Amazon Grimstad
Guðlaug Jónsdóttir	Breiðablíki
Edda Garðarsdóttir	Breiðablíki
Guðrún Sóley Gunnarsdóttir	KR
Laufey Ólafsdóttir	Val
Margrét Lára Viðarsdóttir	Val
Hólmfríður Magnúsdóttir	ÍBV
Dóra Stefánsdóttir	Val
Dóra María Lárusdóttir	Val
Erla Steina Arnardóttir	Mallbackens
Ásta Arnadóttir	Val
Pála Marie Einarsdóttir	Val

Stærsta fréttin er örugglega sú að Ásthildur Helgadóttir, fyrirliði liðsins, er komin í hópinn á ný eftir erfið meiðsli sem hún hlaut í mars á síðasta ári, í vináttuleik gegn Skotum í Egilshöll. Ásthildur sleit þá krossbönd og er nýkomin af stað á ný en það er þó ekki að sjá á leik hennar.

Ásthildur hefur nefnilega blómstrað í nýrri stöðu framherja með toppliði Malmö í sænsku úrvalsdeildinni, hefur þegar skorað 6 mörk í fyrstu fimm leikjunum og er sem stendur markahæsti leikmaður deildarinnar. Íslenska kvennalandsliðið hefur náð góðum árangri gegn Skotum í gegnum tíðina. Liðin hafa mæst alls fimm sinnum og hefur íslenska liðið unnið þrisvar, skoska liðið einu sinni og í eitt skipti skildu liðin jöfn. Fyrsti leikur A-landsliðs



AFTUR MED LANDSLIÐINU Íslenska kvennalandsliðið hefur endurheimt Ásthildi Helgadóttur, fyrirliða liðsins, eftir erfið meiðsli sem hún hlaut í mars á síðasta ári.

kvenna var einmitt gegn Skotum árið 1981. Síðasta viðureign liðanna var í Egilshöll í mars 2004 og vann þá íslenska liðið öruggan 5-1 sigur og Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði meðal annars þrennu í þeim leik. Skotar leika vináttulandsleik gegn Finnum í Turku í

Finlandi á föstudag og verða því væntanlega yel undirbúnir fyrir leikinn gegn Íslandi.

Íslenska kvennalandsliðið spilar síðan sinn fyrsta leik í undankeppni HM í ágúst þegar Hvít-Rússar koma í heimsókn á Laugar-dalsvöllinn. **ooj@frettabladid.is**

Sumartilboð fyrir fríið!

ThinkPad og Canon

Frábær verð á fartölvum, prenturum og myndavélum



PAKKI 1

ThinkPad R50e fartölva + Canon i455d prentari
Frábær fartölva og alhiða prentari fyrir skrifstofuna

- Celeron M 330, 1,4GHz.
- 256MB minni (2GB mest).
- 40GB diskur.
- 15" skjár 1024x768.
- Þráðlaust netkort.
- DVD/CD-RW Combo.
- Windows XP Pro.
- 4800 x 1200 punkta upplausn.
- Prentar allt að 18 bls. á mín í svörtu 12 bls. í lit.
- Tengjanlegur beint við stafræna myndavél.
- Rammalaus prentun á ljósmyndapappír.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem auðveldar notkun.

Listaverð 114.800 kr.

Aðeins 95.900 kr.



PAKKI 2

ThinkPad R50e fartölva + Canon A85 myndavél
Stórkostleg kaup fyrir heimilið

- Pentium M, 1,7GHz.
- 512MB minni.
- 60GB diskur.
- 15" skjár 1024x768.
- Þráðlaust netkort.
- DVD brennari.
- Windows XP Pro
- 4,0 milljón pixla myndflaga.
- 3x aðdráttur á linsu.
- 13 tókustillingar.
- Allt að þriggja mín. kvikmyndabútar.
- Níu punkta sjálfvirkur fókus.

Listaverð 159.800 kr.

Aðeins 144.800 kr.



Canon i80 ferðaprentari
Mjög fyrirferðalítt, léttur og stílhrein

- Ljósmyndagæði í allt að 4800x1200 punkta upplausn.
- Mjög meðferilegur prentari, aðeins 1.8 kg.
- Stílhrein hönnun.
- Möguleiki á þráðlausri Bluetooth tengingu gegnum millistykki.
- Prentar allt að 14 bls. á mín í svörtu og 10 bls. í lit.
- Beintengjanleg við myndavélur.

Listaverð 22.900 kr.

Aðeins 15.900 kr.



ixus i5 – 5 milljón pixla myndavél
Hágæða myndavél með einstakri tækni

- VGA myndskleið með hljóði.
- Níu punkta sjálfvirkur fókus.
- Einstök gæði með DIGIC örgjörvanum og iSAPS tækninni.
- Beintengjanleg við samhæfða prentara.
- Sex senustillingar.
- Fáanleg í fjórum litum.

Listaverð 34.900 kr.


Aðeins 24.800 kr.



NÝHERJI

Nýherji hf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • Sími 569 7700 • www.nyherji.is

Mest lesna Fasteignablaðið



Samkvæmt nýjustu könnun Gallup lesa mun fleiri Íslendingar fasteignablað Fréttablaðsins en Morgunblaðsins. Í aldurshópnum 25-54 ára, verðmætasta hópi fasteignakaupenda, lesa **48% fleiri** fasteignauglýsingar Fréttablaðsins.

Tölurnar tala sínu máli. Fasteignablað Fréttablaðsins er vinsælasta fasteignablaðið sem kemur kaupendum og seljendum saman án fyrirhafnar.

Vertu séður og auglýstu þar sem viðskiptavinur þinn er

FRÉTTABLAÐIÐ

Stærsti fjölmiðillinn

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005

STUÐ MILLI STRÍÐA : Par sem jókulinn ber við himin

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR MÆLIR MEÐ SNÆFELLSNESI.



MYND: HELG SIGURSSON

Nú er vorið örugglega komið og sumarið, það er pottþétt á næsta leyti. Yndislegt gluggaveður, sól en skítkalt og allir með kvef á heimilinu. En kvefið tilheyrir árstíðaskiptunum. Sama má segja um skemmtilegasta viðburð ársins: Evróvisjón söngvakeppnina! Að sjálfsögðu ætla ég í parti helgað þeim stórkostlega viðburði.

Það tilheyrir líka þessum árstíma að leggjast í ferðalög innanlands, því hvergi er skemmtilegra að ferðast en á Íslandi á sumrin.

Ég tók forskot á sæluna með minni fjölskyldu síðustu helgi og við fórum á einn af mínum upphaldsstöðum á landinu, Snæfellsnes. Við gistum í góðu yfirlæti á Hótel Hellnum í samnefndum bæ þar sem skemmtilegasta kaffihúsið á landinu er að finna, alveg við fjöruborðið.

Einn af hápunktum ferðarinnar var svo súpuát á Hótel Búðum, úti á verönd í algjöru skjóli fyrir veðri og vindum – með útsýni beint á jókulinn. Það gerist ekki betra. Á Búðir hef ég ekki komið í mörg ár, ekki síðan enn mátti tjalda þar í túnfæti, en það var frábært að skoða með eigin augum hve vel hefur tekist til með nýja hótelið.

Það er í raun ótrúlega gaman að skoða sig um á Snæfellsnesi, þar er að finna fallega náttúru, sögu- staði og sjarmerandi bæi. Víða á nesinu er gaman að ganga og svo spillir ekki fyrir að einnig er töluvert úrval af skemmtilegum veitingastöðum og kaffihúsum.

Skortur á því síðastnefnda er mikill víða um land. Furðulegt finnst mér til að mynda að ekki sé huggulegt kaffihús í Borgarnesi. Mikil umferð ferðalanga ætti að geta tryggt því næg viðskipti. Þetta er reyndar frábær viðskiptahugmynd sem ég hér með færi athafnakonu eða -manni á silfurfati. Minni þann sama á að hafa til sölu kaffi til að taka með – þá eru viðskiptin gulltryggð! ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli




GELGAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



■ TÓNLIST

Drýsill mun hita upp

Hljómsveitin Drýsill mun hita upp fyrir bandarísku þungarokksveitina Megadeth á tónleikum hennar í Kaplakrika 27. júní.

Liðsmenn Drýsils eru Eiríkur Haukson, Einar Jónsson, Jón Ólafsson, Sigurður Reynisson og Sigurgeir Sigmundsson. Hljómsveitin var stofnuð 1984 og gaf út plötuna Welcome to the Show árið 1985. Drýsill er sögð hafa rutt brautina fyrir margar íslenskar þungarokksveitir á þessum tíma en meðlimir sveitarinnar eru miklir aðdáendur Megadeth.

Miðasala á tónleikana hefst næstkomandi sunnudag í Íslands-



MEGADETH Þungarokksveitin bandaríska er á leiðinni hingað til lands í næsta mánuði.

banka, Kringlunni og Smáranum, á ureyri, Tónaspil í Neskaupstað, Hjóðhúsinu Selfossi og Hljómavali í Keflavík. Miðaverð er 4.500 kr. ■

■ TÓNLIST

Nægt efni í aðra plötu

Breska hljómsveitin New Order tók upp svo mörg lög fyrir nýjstu plötuna sína, Waiting for the Sirens' Call, að hún á nægt efni í aðra plötu.

„Það er mjög óvenjulegt að við séum svona frjóir,“ segir Peter Hook, liðsmaður sveitarinnar. „Í hvert skipti sem þú snýrð aftur spyr fólk alltaf: „hvers vegna tók þú þetta svona langan tíma?“ Þess vegna ákváðum við að taka nóg upp svo að fréttamenn gætu ekki spurt þessarar spurningar.“ ■



NEW ORDER Hljómsveitin gaf nýverið út plötuna Waiting for the Sirens' Call.

■ TÓNLIST



ANTONY AND THE JOHNSONS Tónleikar Antony and the Johnsons verða á Nasa 11. júlí.

Miðasala á Antony í dag

Miðasala á tónleika Antony and the Johnsons á Nasa þann 11. júlí hefst í dag klukkan 10.00. Þeir sem kaupa sér miða á Antony geta keypt miða í leiðinni á tónleika rokksveitarinnar Sonic Youth en formleg miðasala á þá hefst 27. maí.

Síðastliðinn mánudag hélt Antony and the Johnsons tónleika í Loppen í Kaupmannahöfn og héldu gagnrýnendur dagblaðanna Politiken og Jyllands Posten vart vatni yfir frammistöðu Antony og féлага. Miðasala á tónleikana fer fram í verslun 12 Tóna, plötubúð Smekkleysu og á midi.is. ■

■ TÓNLIST



IRON MAIDEN Rokksveitin Iron Maiden spilar í Egilshöllinni 7. júní.

DVD og plata frá Maiden

Rokksveitin Iron Maiden, sem heldur tónleika í Egilshöll 7. júní, gefur þann 29. ágúst út tvöfalda DVD-disk og tónleikaplötu sem nefnast Death on the Road.

Á plötunum er að finna efni af tónleikum sem voru teknir upp í Dortmund í Þýskalandi á Dance of Death tónleikaferð sveitarinnar um Evrópu í desember 2003. Meðal annars hljóma þar þekktir slagarar á borð við Run to the Hills og Number of the Beast. Á DVD-disknum er einnig að finna 70 mínútna langa heimildarmynd um gerð plötunnar.

Það verður nóg að gera hjá Iron Maiden í sumar. Auk þess að spila á Íslandi mun sveitin stíga á stökk á Reading- og Leeds-hátíðunum á Englandi, en Iron Maiden spilaði fyrst á Reading fyrir 25 árum. Einnig mun sveitin spila á Ozzfest-hátíðinni í Bandaríkjunum. ■

SONY

Sumar & Sony

Sony sér um tónlistina í sumar!

NW-E55
Sony MP3 spilari.
· 128MB minni í litilli snilldargræju.
Allt að 70 tíma afspilun á einni AAA rafhlöðu. Heyrmatól fylgja.
Verð 16.950 krónur

DSC-NWHD3
Sony MP3 spilari.
· Smart mp3 spilari með 20GB minni og 30 klukkutíma rafhloðuendingu, 60 prósent lengri tími en iPod!
Verð 46.950 krónur

NW-E403
Sony MP3 spilari.
· Frábær hönnun og ný hleðslurafhlaða sem nær 3 tíma afspilun eftir 3 mínútúr af hleðslu yfir USB kapal. 256MB minni eða ca. 20 geisladiska efni. Heyrmatól fylgja.
Verð 19.950 krónur

Kauptu Sony hjá Sony

You make it a Sony

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

Vormenning í Árborg

Nú stendur yfir menningarhátíðin Vor í Árborg, sem haldin er á Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka og víðar í sveitarfélaginu Árborg.

Dagskrá hátíðarinnar hófst í gærkvöld með hátíðartónleikum á Stokkseyri og stendur fram á sunnudag. Á dagskránni eru tónleikar, kvikmyndasýningar, leiksýningar og fleiri viðburðir.

Meðal annars verða þeir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson með tónleika í Selfosskirkju í kvöld. Tónleikar þeirra eru liður í tónleikaröðinni Kvöld í Hveró, sem að þessu sinni er flutt úr Hveragerðiskirkju yfir í Selfosskirkju í tilefni af menningarhátíðinni.

Í dag klukkan tíu verður einnig

opnaður fjölskyldu- og skemmtigarður á Stokkseyri og Möguleikhúsið sýnir Landið Vifra bæði á Selfossi og Stokkseyri í dag.

Davíð Smári Idolstjarna ætlar að taka lagið með Hörpukórnum í KB-banka á Selfossi og handverkssýning eldri borgara verður opin í dag í Grænumörk 5 á Selfossi.

Er þá einungis fátt eitt talið af fjölskrúðugri dagskrá Vors í Árborg. ■



STEBBI OG EYVI Þeir ætla að syngja og spila á menningarhátíðinni Vor í Árborg í kvöld.

DANSLEIKIR
um helgina

Föstudaginn 20. maí

DANSHLJÓMSVEIT
FRÍÐJÓNS
Jóhannssonar

Laugardaginn 21. maí

EVROVISIONPARTÝ &
BRIMKLÓ
Klúbburinn

Alvöru sveitaball á mölinni...
við Gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

18 19 **20** 21 22

Föstudagur

- 21.00 **Stefán** og **Eyfi** koma fram á tónleikum í Selfosskirkju í tónleikaröðinni Kvöld í Hveró. **Prímadonnur** frá Selfossi hita upp.
- 21.30 Hljómsveitin **The Alfs** spilar skemmtilega tónlist á Ömmukaffi í Austurstræti.
- 23.00 Sænska hiphop sveitin **Looptroop** ætlar að gera allt vitlaust á Gauknum N.B.C., en þá hljómsveit skipa **Dóri Dna**, rímnastríðsmeistarinn 2004 og **Stjáni** fyrrum meðlimur í Afkvæmum Guðanna. Ennig þeyta **Dj Paranoja** og **Dj Danni Deluxe** skífum frameftir nóttu.
- 23.00 **Singapore Sling** á Grand Rokk í kvöld.
- 23.00 Tónleikar á Ellefunni með **Future Future**. Á eftir verður **Krummi í Mínus** á dj-græjunum.
- 23.30 **Úlpa** leikur á Grandrokk ásamt **Dj 9 sec**.

SKEMMTANIR

- 21.00 Dúettinn **Sessý** og **Sjónni** kemur fram í Rauðahúsinu, Miklagarði, á Eyrarbakka.
- 22.00 **Pálmar** trúbador leikur fyrir gesti á Hressó í Austurstræti. **Heiðar Austmann** verður svo í búrinu.
- 23.00 Hljómsveit **Geirmundar Valtýssonar** leikur fyrir dansi á Kringlukránni.
- 23.00 Hljómsveitin **Karma** leikur fyrir dansi í Pakkhúsinu á Selfossi.
- 23.00 Dj **Palli** í **Maus** á Café Kúlture.
- Love Guru Allstars** og hljómsveitin **Bermuda** verða með tvöfalt danspartí í Sjallanum á Akureyri.
- Dj **Bjössi** úr Mínus á Laugavegi 22.
- Dúettinn **Acoustics** skemmtir á Ara í Ögri.
- Hljómsveit **Rúnars Þórs** spilar í Vélsmiðjunni á Akureyri.
- Hermann Ingi jr** leikur af fingrum fram á Catalínu í Kópavogi.
- Hljómsveitin **SÍN** leikur ásamt **Ester Ágústu** á Ránni í Keflavík.
- Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar** skemmtir í Klúbbnum við Gullinbrú.

FYRIRLESTRAR

- 16.00 Ítalski fræðimaðurinn og sýningarstjórinn **Achille Bonito Oliva** ræðir um myndlistarheiminn nú á tímum og svarar fyrirspurnum. á opnum fundi í SÍM-húsinu, Hafnarstræti 16.

FUNDIR

- 13.00 Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum og Kvennasögusafn Íslands standa að málþingi í tilefni af **90 ára afmæli kosningaréttar kvenna**. Málþingið verður haldið í hátíðasal Háskóla Íslands. Málstofustjóri er **Erla Hulda Halldórsdóttir** sagnfræðingur.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

VELVET REVOLVER

TÓNLEIKATILBOÐ

CD og DVD diskar með Velvet Revolver, Guns N Roses og Stone Temple Pilots á sértilboði í tilefni af stórtónleikum Velvet Revolver þann 7. júlí í Egilshöll

1.899

Velvet Revolver-Contraband

1.899

Guns N Roses-Greatest Hits

999

Stone Temple Pilots-Thank You, Best Of

DVD

Tónlist

Band	Titill	Verð
Guns N Roses	Appetite For Destruction	999
Guns N Roses	G N'R Lies	999
Guns N Roses	Use Your Illusion I	999
Guns N Roses	Use Your Illusion II	999
Guns N Roses	The Spaghetti Incident?	999
Guns N Roses	The Best Of Guns N Roses Live	1.899
Stone Temple Pilots	Core	1.699
Stone Temple Pilots	Purple	1.699
Stone Temple Pilots	No. 4	1.699
Stone Temple Pilots	Shangri-La Dee Da	1.699
Guns N Roses	Welcome To The Videos DVD	2.299
Guns N Roses	Use Your Illusion I DVD	2.299
Guns N Roses	Use Your Illusion II DVD	2.299

...skemmtir þér ;)

Viðurkennd virkni

Bogense sápan



Nuddsápan sem stinnir og grennir líkamann

Vinnur á appelsínuhúð

Fæst í apótekum

FERMAX

DYRA
SIMAR
fyrir heimili
og fyrirtæki

Dyrasímar með skjá

Fást bæði með lita- og sv/hv skjá. Auka símtól fylgir.



Práðlaus dyrasími

Er einnig venjulegur heimilssími. Mismunandi hringingar.



Dyrasímar

Venjulegir dyrasímar fyrir heimili og fyrirtæki. Ýmsar gerðir.

Upplýsingar
í síma 553 5600

Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

KAFLI III: HEFND SITHANNA
MÁTTURINN ER MEÐ SVARTHÖFÐA

Árið 1977 sló kvikmyndaleikstjórinn ungi George Lucas óvænt í gegn með geimmyndinni *Stjörnustríð*. Myndin er enn þann dag í dag á lista yfir tekjuhæstu bíómyndir allra tíma og leikstjórinn, sem þurfti að berjast fyrir því að koma draumsýn sinni á hvíta tjaldidið, er einn voldugasti maðurinn í kvikmyndaiðnaðinum.

Tæknibrellurnar sem hann bauð upp á í fyrstu *Stjörnustríðsmyndinni* voru svo stórfenglegar að heimurinn horfði agndofa á ósköpin og heilu kynslóðirnar létu heillast af ævintýri *Loga Geimgengils*, sem bardist gegn hinu illa keisaraveldi og helsta refsivendi þess, hinum illa Svarthöfða.

Það kom svo á daginn í framhaldsmyndinni *The Empire Strikes Back* að Logi var sonur *Svarthöfða*. Lucas byrjaði á seinni hluta *Stjörnustríðsbálksins* árið 1999. Logi var fjarni góðu gamni þar sem um forleik að eldri myndunum var að ræða og nú snerist allt um hinn unga og góða Anakin, sem síðar átti eftir að breytast í erkiillmennid Svarthöfða.

Nú, 28 árum eftir að ævintýrið hófst, lýkur Lucas geimóperunni sinni með *Revenge of the Sith* og það vita allir að góður endir er útilokaður að þessu sinni. Hið illa mun sigra og *Svarthöfði* stiga fullskapaður fram...

Maður þarf ekki að vera gæddur spádómsgáfu græna geimvittringsins og jedi-meistarans Yoda til þess að vita að *Stjörnustríðsmyndin Episode III: The Revenge of the Sith* verði ein vinsælasta og tekjuhæsta bíómynd ársins 2005. Annað er einfaldlega ómögulegt.

Hér lýkur George Lucas þessum gríðarvinsæla stórmyndabálki sínum með miklum látum og ljóst að hinir fjölmörgu aðdáendur hans um heim allan eiga eftir að gráta sáran yfir því að sjá þetta mikla ævintýri ekki aftur á hvíta tjaldinu. Þetta verður til að mynda í síðasta sinn sem þeir geta upplifað þá stemningu að klæða sig upp fyrir biðröð eftir miðum í einhverju *Stjörnustríðsgervinu* auk þess sem eftirvæntingin eftir nýjum sýnishornum eða fyrstu ljósmyndunum úr næstu mynd mun einnig heyra sögunni til og blákaldur raunveruleikinn taka við.

Star Wars var frumsýnd í Cannes á dögum og á blaðamannafundi til að kynna myndina voru allar helstu stjörnur myndarinnar mættar. Natalie Portman, sem fer með hlutverk Padmé Amidala, sagði að það hefði verið frábært að eiga þess kost að leika Amidólu

þrisvar sinnum í jafn mörgum myndum en þannig gafst henni tækifæri til að þróa persónuna og breyta henni og bæta.

George Lucas var spurður að því hvaðan innblásturinn að *Star Wars* hefði komið. Hann sagði að grunnhugmyndin hjá sér hefði verið að segja sögu Anakins og tveggja barna hans en hann gerði sér ljóst að efnið væri of viðamiklegt til að það kæmist fyrir í einni mynd. Fyrstu þrjár myndirnar eru því ein stór mynd sem var klippt í þrennt.

Hvað varðar slæma gagnrýni sem *Episode I* og *II* hafa fengið sagðist George ekki kippa sér upp við hana þar sem hann liti á allar myndirnar sex sem eina heild og hugsaði ekki mikið um hvern hluta fyrir sig. Hann skiptir *Star Wars*-aðdáendum í tvo hópa, annars vegar þá sem eru yngri en 25 ára og hins vegar þá sem eru eldri. Þeir síðarnefndu séu hrifnari af gömlu myndunum og hafi gagnrýnt þær nýju ómaklega. Hann bendir einnig á að þessi hópur sé stór í fjölmíðlaheiminum og því fari meira fyrir skoðunum hans. Hann segist því bíða spennur eftir því að ungu aðdáendurnir vaxi úr grasi og öðlist áhrif í umræðunni en hann gerir fastlega ráð fyrir því að nýju

myndirnar fái allt öðruvísi og jákvæðari umfjöllun eftir um það bil tíu ár.



Samuel L. Jackson var spurður um muninn á George Lucas og Quentin Tarantino sem leikstjórum en hann lék einnig veigamiklegt hlutverk í *Pulp Fiction*, sem keppti í Cannes fyrir um áratug.

„George er rólegri en Tarantino og það heyrir minna í honum en báðir hafa þeir gefið mér svigrúm til að móta persónur mínar. Þeir vita báðir vel hvað þeir vilja og leggja skýrar línur en gefa svo leikurunum lausan tauminn,“ sagði Jackson.

Hann sagðist vera hestánægður með að vera hluti af vinsælum myndum eins og *Star Wars*, ekki síst þar sem þær höfðu til barna sem svo yrðu stærri og sæju *Pulp Fiction*. „Ég er því alltaf að græða aðdáendur og í hvert skipti sem ég kem til Cannes með mynd virðist ferill minn færast yfir á nýjar brautir þannig að ég bíð spennur eftir því sem koma skal.“

Episode III: The Revenge of the Sith verður frumsýnd í dag í sex kvikmyndahúsum hér á landi en forsala aðgöngumiða hefur gengið vonum framar.

STAR WARS ÆTTARTRÉ



STAR WARS

í réttri tímaröð

EPISODE I: THE PHANTOM MENACE

Þegar hið illa Verslunarbandalag ætlar að hertaka plánetuna Naboo reynir Jedi riddarinn Qui-Gon Jinn og lærlingur hans



Obi-Wan Kenobi að bjarga málunum. Inn í söguna fléttast m.a. hinn ungi Anakin Skywalker og Jar Jar Binks.



EPISODE II: ATTACK OF THE CLONES

Anakin Skywalker verður ástfanginn af Padmé Amidala, þingkonu í Naboo. Clone-stríðin hefjast sem ryðja veginn fyrir uppgangi keisaraveldisins. Yoda berst við Dooku-greifa, læring hins illa Darth Sidious, og hefur betur.



EPISODE III: REVENGE OF THE SITH ?



EPISODE IV: A NEW HOPE Svarthöfði drepur Obi-Wan Kenobi eftir sögufrægan geislasverðabardaga. Luke Skywalker og félagar fljúga inn í Dauðastjörnu til að eyða henni.



EPISODE V: THE EMPIRE STRIKES BACK Keisaraveldið berst við uppreisnarmenn á plánetunni Hoth. Luke Skywalker hættir þjálfun sinni hjá Yoda til að bjarga Han Solo og Leiu prinsessu. Luke missir hönd sína við úlnið í bardaga við föður sinn Svart-höfða.



EPISODE VI: RETURN OF THE JEDI Heimsveldið hefur byggt nýja Dauðastjörnu. Luke berst á ný við Svart-höfða. Þrátt fyrir að hafa gengið í lið með mykravöldunum drepur Svart-höfði að lokum keisarann og bjargar uppreisnarmönnum.

Ólst upp við Star Wars

Guðni Halldórsson, sem tekur upp og klippir þáttinn Strákarnir á Stöð 2 er mikill Star Wars-aðdáandi, þótt hann sé ekki einn af þeim sem klæði sig í búninga og standi í biðröð. Hann var svo heppinn að vera annaláður Star Wars-aðdáandi þannig að hann er búinn að sjá nýju myndina, segist þekkja réttu mennina. „Hún er algjör snilld,“ segir hann. „Hún lokar hringnum fullkomlega og útskýrir margt, til dæmis af hverju Joda fer í felur,“ segir Guðni og bætir við að hann muni þó örugglega fara aftur og aftur á myndina.

Star Wars-æðið hófst hjá honum í London fyrir 26 árum en þá fór hann í fyrsta skipti í bíó, fimm

ára gamall og sá Star Wars: New Hope. Síðan þá hefur hann hefur verið dyggur aðdáandi myndanna. „Ég er með Star Wars-dót upp á hillu í staðinn fyrir stytur,“ segir hann og hlær en gefur lítið fyrir að myndirnar séu barnamyndir. „Þetta eru myndir fyrir barnið í okkur,“ segir Guðni og telur enn fremur að mikið búi að baki þeim. „Þarna er pólitík sem samsvarar sér í nútímanum,“ segir hann alvöruglefinn.

Guðni á sér að sjálfsögðu eftirlætisatriði sem hann segir koma fyrir í fyrstu myndinni. „Það er þegar Luke og Leia eru föst inni í ruslakistunni á Dauðastjörnunni,“ segir hann og bætir við að það sé mjög líklega vegna þess að það er

góð minning úr barnæskunni. Boba Fett er í sérstöku upphaldi hjá Guðna sem og Stormsveitarhermennirnir. „Það er út af búningunum,“ segir hann og hlær. „Þá var Luke líka algjör hetja á sínum tíma og svo persóna Samuel L. Jackson, Mace,“ segir hann en hann segir Star Wars: Revenge of the Sith vera uppháldsmyndina sína.

GUÐNI HALLDÓRSSON Nýja myndin er algjör snilld. Hún lokar hringnum alveg fullkomlega og útskýrir margt



ENGAR ÁHYGGJUR

Verður fyrirtæki þitt fyrir ruslpósti og vírusum?

Vissir þú að hver starfsmaður í meðalstóru fyrirtæki eyðir að meðaltali 20 mínútum á hverjum degi í það að lesa og hreinsa út ruslpóst úr pósthólfinu sínu? Barracuda ruslvörnin sér sjálfkrafa um að hreinsa út ruslpóst og vírussýktan póst og skilar þess vegna vinnuveitendum meiri afköstum starfsmanna sinna.



Barracuda Spam Firewall 200

Tekur 1U í rack skáp
1 milljón tölvupóstar á dag
1000 virkir póstnotendur
Stjórnað með browser
Vírusleit
Stoppa ruslpóst
1 árs uppfærsla
Listaverð: 269.900 m/vsk.

Barracuda Spam Firewall 300

Tekur 1U í rack skáp
4 milljón tölvupóstar á dag
2000 virkir póstnotendur
Stjórnað með browser
Vírusleit - stoppar ruslpóst
Sérstillingar fyrir hvern notanda
Eyðir ekki skeytum sem eru stoppuð
1 árs uppfærsla
Listaverð: 359.900 m/vsk.

Tilboðsverð: 219.900 m/vsk.

Tilboðsverð: 299.900 m/vsk.

Hafðu samband í síma 550-4000, eða sendu tölvupóst á lausn@taeknival.is til að fá nánari upplýsingar.

Tæknival

SAMSTARFSADILAR:
Penninn - Akureyri - www.penninn.is / Tölvubjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Nethimar - Ísafjörður - www.nethimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvubjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martólvan - Höfn í Hornfirði - www.martolvan.is

SKEIFUNNI 17
SÍMI: 550 4000
www.taeknival.is

Loksins almennilegt Stjörnustríð

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

George Lucas réttir heldur betur úr kútnum með Episode III og lýkur Stjörnustríðsbálki sínum með glæsibrag eftir tvær slappar myndir sem öllu aðdáendum þessarar vinsælustu geimóperu allra tíma miklum vonbrigðum. Það er enn margt ósagt í upphafi þessarar myndar og sem betur fer eyðir Lucas, að þessu sinni, ekki dýrmætum tíma í óþarfa barnskap og kjaftæði.

Revenge of the Sith er því áhrifamesta Star Wars-myndin síðan The Empire Strikes Back gerði allt vitlaust árið 1980. Dramatíkin og slagkrafturinn í þessum magnaða lokakafli er með ólíkindum.

Máttur Lucasar er mikill og hér eyðir hann engum tíma í óþarfa kjaftæði. Þetta er einfaldlega 100% Star Wars.

Það ánægjulegasta við þessa mynd er svo tvímælaust að höfundinum tekst að halda uppi spennu út alla myndina en það verður að teljast býsna vel af sér vikið þar sem hvert einasta mannsbarn í heiminum veit að myndin mun enda með falli Anakins og sigri hins illa. Fallið er sett fram á mjög sannfærandi hátt og við finnum til með ungu hetjunni sem berst við ofmetnað, hroka og valdagræðgi sem mengar sál hans svo illa að henn umbreytist í erkifjandann Svarthöfða.

Christiansen stendur sig feikivel í hlutverki Anakins og leikurinn styrkist með hverju skrefi sem

drengurinn tekur til glötunar. Þessi mynd er þó að mínu mati fyrst og fremst mynd Ewans McGregor í hlutverki Obi-Wans sem er aðalgóði gæinn og í raun og veru mesti töffari myndabálksins í heild. Þá er Samuel L. Jackson ábúðarmikill og töff og Ian McDiramid er að gera glóða hluti sem Keisarinna vonði. Þessi mynd er ekki gallalaus frekar en hinar myndirnar fimm en hún rís undir göllunum og er svo miklu, miklu betri en Episode I og II að maður getur ekki annað en tekið henni fagnandi og horft fram hjá því sem betur hefði mátt fara. Spennan er þétt og hamagangurinn mikill og maður tekur andköf yfir geggjuðu geislasverða-einvígi Obi-Wans og Anakins í lokin en þessi mögnuðustu vinslit menningarsög-



EPISODE III – REVENGE OF THE SITH

Leikstjóri: George Lucas

Aðalhlutverk: Hayden Christiansen, Natalie Portman, Ewan McGregor, Ian McDiramid

NIÐURSTADA: George Lucas biðst með þessari mynd afsökunar á Episode I og II og gerir það svo vel og fallega að við getum ekki annað en tekið beiðnina til greina.

unnar eru bæði kúl og dramatísk.

George Lucas biðst með þessari mynd afsökunar á Episode I og II og gerir það svo vel og fallega að við getum ekki annað en tekið beiðnina

til greina enda stendur nú Stjörnustríðsbálkurinn uppi sem ein firnarsterk heild þó að hún missi aðeins dampinn fyrir þetta magnaða endatafl.

Þórarinn Þórarinnsson

SUMMAR TILBOÐ!

VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS

9.999 kr.



ÖRPUNN
OG HELMINGI
MINNI EN ÁÐUR!

PlayStation 2

Aðeins í Skífunni. Nýtt kortatímabil.



Enginn líkur Whitney

Söngkonan Whitney Houston hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarin ár en er nú komin úr meðferð og farin að vinna að sinni fyrstu plötu í þrjú ár. Þetta var staðfest af yfirmanni Houston, Clive Davis, sem uppgötvaði hana forðum daga og hjálpaði henni að þróa ferilinn. „Whitney er komin úr meðferð og við munum hitta hana eftir tíu daga,“ sagði Davis.

„Það er enginn líkur Whitney. Þegar ég tala við lagahöfunda og framleiðendur þá finn ég að þeir geta ekki beðið eftir því að fá hana aftur.“ David segist hafa trú á Houston þrátt fyrir þá staðreynd að hún hafi þurft að fara í meðferð tvisvar á einu ári. „Hún hefur barist í gegnum þessa erfiðu tíma en hún er frábær söngkona svo ég get ekki beðið eftir að fara í hljóðverið með henni.“ Whitney skráði sig í meðferð í febrúar á þessu ári. ■



FUTURE FUTURE Hljómsveitin er spöttin upp úr leifum harðkjarnasveitarinnar Snafu.

Future Future með tónleika

Hljómsveitin Future Future heldur tónleika á Bar 11 í kvöld kl. 22.00. Liðsmenn Future Future eru að ljúka upptökum á sinni fyrstu plötu þar sem tíu ný lög verður að finna.

Hljómsveitin er spöttin upp úr leifum harðkjarnasveitarinnar Snafu sem starfaði í töluverðan tíma. Á meðal áhrifavalda Future Future eru Shiner, Mars Volta, Blood Brothers, King Crimson og Interpol. Ókeyppis er á tónleikana annað kvöld. ■

Árekstrar í Los Angeles


Kvikmyndin Crash, sem verður frumsýnd í Sambíóunum og Háskólabíói í dag, fjallar um kynþáttafordóma, ástina, fjölskyldubönd og annað sem snýr að hinu daglega lífi fólks.

Sögusviðið er Los Angeles samtímans þar sem gefin er inn-sýn í líf mismunandi fjölskyldu-hópa. Á meðal þeirra sem koma við sögu eru tveir rannsóknar-lögregluþjónar sem eru jafn-framt elskendur, sjónvarpsleik-stjóri og eiginkona hans, mexíkóskur lásasmiður, búðar-eigandi, miðaldra kóreskt par og nýliði í lögreglunni. Öll eiga þau eftir að tengjast á einhvern hátt næstu 36 klukkustundirnar.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Don Cheadle, sem meðal annars hefur leikið í Boogie Nights og Hotel Rwanda, Sandra Bullock, Matt Dillon, Brendan Fraser og Ryan Phillippe. Einnig kemur Tony Danza við sögu en hann sló í gegn á níunda áratugnum í sjónvarpsþáttunum Who's the Boss.

Leikstjóri og handritshöfundur Crash er Paul Haggis, sem hlaut Óskarinn fyrir handrit sitt að myndinni Million Dollar Baby fyrr á árinu.

Haggis mun næst skrifa handritið að Flags of Our Fathers fyrir framleiðandann og leikstjórn-



CRASH Kvikmyndin fjallar um kynþáttafordóma, ástina, fjölskyldubönd og ýmislegt fleira.

ann Steven Spielberg en Clint Eastwood mun leikstýra myndinni. Ísland gæti orðið tókuland

þessarar stríðsmyndar, en sögu-svið hennar er Kyrrahafið í seinni heimsstyrjöldinni. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI



Madonna hefur sent stuðningsyfirlýsingu til söngkonunnar **Kylie Minogue** þar sem hún segist vita að hún muni sigrast á krabbameininu. „Ég varð leið þegar ég heyrdi um ástand Kylie Minogue. Ég er svo þakklát fyrir það að þau skyldu finna krabbameinið snemma. Auk þess að vera stórkostlega hæfileikarík er Kylie hörð og ég veit að hún mun sigra þessa baráttu,“ sagði Madonna meðal annars í yfirlýsingunni. Móðir Madonna lést vegna brjóstakrabbameins árið 1963 en þá var söngkonan einungis fimm ára.

Sjónvarpsstjarnan Jason Priestley

hefur gengið í hjónaband með kærustu sinni Naomi Lowde. Leikarinn sem frægastur er fyrir leik sinn í The Beverly Hills-þáttunum, giftist fördunarfræðingnum Naomi á Paradísareyju á Bahamaeyjum. Þetta er annað hjónaband Jasons sem giftist Ashlee Peterson, sem er einnig fördunarfræðingur, árið 1999. Þau sóttu um skilnað tæp-lega ári seinna.



Gwyneth Paltrow

er staðráðin í að gera dóttur sína ekki að ofverndaðri dekur-dúkk. Hún passar núna upp á að dóttirin, Apple, borði réttan mat en hún vill þó ekki vera of stjórn-söm í framtíðinni. „Apple er ung núna og ég ræð því hvað hún borðar og það er allt mjög hölt. En hún er sín eigin persóna og ég mun virða það hver hún er. Ef hún vill ekki vera grænmetisæta eða ef hún vill borða unnar olíur og kókur í afmælisboðum þá er það allt í lagi,“ sagði Gwyneth sem er þessa dagana við tókur á myndinni Running With Scissors.



Hafðu hraðann á! BTnet gefur 500.000 kr.*!

Viltu 1/2 milljón?!

Flugmiðar! Samsung Símar! Tölvuleikir! vMedion tölvu með flatskjá! Bíómiðar! Sendu SMS skeytið JA BN á númerið 1900! Við sendum þér 3 spurningar sem þú svarar með því að senda SMS skeytið JA A, B eða C á númerið 1900. Coca Cola! Haugur af græjum frá BT í vinning!

BTNET

• Sá sem svarar hraðast 3 spurningum fær 500.000kr*!
 • Allir sem svara 2 rétt gætu fengið aukavinning!
 • 10. hver vinnur aukavinning!

Fartölvur • Flugmiðar með Iceland Express • Heimabíó • Sjónvörp • PS2 tölvur • Samsung GSM símar • MPP3 spilarar • DVD spilarar • DVD myndir • Tölvuleikir • Kippur af Coca Cola og margt fleira.

*Sá sem vinnur 500.000 kr fær einn dag til að kaupa sér vörur í verslunum BT og Iceland Express að andvirði 500.000 kr. Leik lýkur 3. júní 2005 24:00 Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Ef það tekur þig lengur en 5 mín. að svara spurningu þarftu að byrja leikinn aftur.



Relax
hægindasófasett
alklætt leðri
- Ítölsku gæðaleðri

Chateau d'Ax

Einstök gæði - Ítölsk hönnun



Tilboð: 69.800,-

3+1+1 kr. 399.200,- Tilboð kr. 279.400,-
 3ja sæta kr. 199.800,- Tilboð kr. 139.800,-
 stóll kr. 99.800,- Tilboð kr. 69.800,-



HÚSGAGNAVERSLUN

Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

STJÖRNUSTR

HEIMSFRU

STAR WARS

EPISODE III

REVENGE OF THE SITH

ÍÐ ER HAFIÐ!

MSÝND Í DAG UM LAND ALLT

„Revenge of the Sith er áhrifamesta Star Wars myndin síðan The Empire Strikes Back gerði allt vitlaust árið 1980. Dramatíkin og slagkrafturinn í þessum magnaða lokakafli er með ólíkindum. Máttur Lucasar er mikill og hér eyðir hann engum tíma í óþarfa kjaftæði. Þetta er einfaldlega 100% Star Wars.“

★★★★★

Þórarinn Þórarinsson, Fréttablaðið

„Lucas tekst það sem Stjörnustríðsaðdáendur vonuðu: Að loka hringnum með glæsibrag“

★★★★★

Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið

„Það er tregablendið að vita að maður eigi aldrei eftir að sjá aðra Star Wars mynd en á sama tíma ánægulegt að sjá seríuna klárast með frábærri mynd sem er að mínu mati næst besta í seríunni á eftir Empire“

★★★★★

Helgi Páll Helgason Kvikmyndir.is

„Allt sem maður getur mögulega viljað í Star Wars-mynd, og rétt rúmlega það“

★★★★★

Tómas Valgeirsson, kvikmyndir.is

YFIR 24.000 SÆTI Í BOÐI ÞESSA HELGI Í SEX KVIKMYNDAHÚSUM MEÐ YFIR 100 SÝNINGARTÍMA!

SMÁRA BÍÓ

Miðasala opnar kl. 15.30

Föstudagur 20. maí
Sýnd kl. 13, 14, 16, 17, 19, 20, 22, 23, 1, 2 og 4 eftir miðnætti

Sýnd í Lúxussal kl. 12, 15, 18, 21, 24, 3 eftir miðnætti

Laugardagur 21. maí
Sýnd kl. 8, 11, 13, 14, 16, 17, 19, 20, 22 og 23

Sýnd í Lúxussal kl. 9, 12, 15, 18, 21 og 24

Sunnudagur 22. maí
Sýnd kl. 11, 13, 14, 16, 17, 19, 20, 22 og 23

Sýnd í Lúxussal kl. 12, 15, 18, 21 og 24

REGNBÖGINN

Miðasala opnar kl. 17.30

Föstudagur 20. maí
Sýnd kl. 14.30, 17.30, 20.30 og 23.30

Laugardagur 21. maí
Sýnd kl. 14.30, 17.30, 20.30 og 23.30

Sunnudagur 22. maí
Sýnd kl. 14.30, 17.30, 20.30 og 23.30

LAUGARAS BÍÓ

Miðasala opnar kl. 16.30

Föstudagur 20. maí
Sýnd kl. 15, 18, 21 og 24

Laugardagur 21. maí
Sýnd kl. 15, 18, 21 og 24

Sunnudagur 22. maí
Sýnd kl. 15, 18 og 21

BORGARBÍÓ

Miðasala opnar kl. 17.30

Föstudagur 20. maí
Sýnd kl. 17.20, 20, 22 og 24

Laugardagur 21. maí
Sýnd kl. 12, 14.40, 17.20, 20, 22 og 24

Sunnudagur 22. maí
Sýnd kl. 12, 14.40, 17.20, 20 og 22.45

SELFOS BÍÓ

Miðasala opnar kl. 19.30

Föstudagur 20. maí
Sýnd kl. 17.30, 20, 22.30 og 24

Laugardagur 21. maí
Sýnd kl. 15, 17.30, 20, 22.30 og 24

Sunnudagur 22. maí
Sýnd kl. 15, 17.30, 20 og 22.30

REPLAVÍK SAMBÍÓ

Miðasala opnar kl. 19.30

Föstudagur 20. maí
Sýnd kl. 17, 20 og 22.45

Laugardagur 21. maí
Sýnd kl. 14, 17, 20 og 22.45

Sunnudagur 22. maí
Sýnd kl. 14, 17, 20 og 22.45

VELDU SÝNINGUNA SEM HENTAR ÞÉR

Þökkum samstarfsaðilum fyrir frábært samstarf

spron

Banklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar



Kellogg's

Síminn



LEGO

BÍÓ.IS



STJÖRNUSTRÍÐIÐ ER HAFIÐ!

„Þetta er einfaldlega 100% Star Wars“
Þórarinn Þórarinnsson, Fréttablaðið ★★★★★

„Allt sem maður getur mögulega viljað í
Star Wars-mynd og rétt rúmlega það“
Tómas Valgeirsson, kvikmyndir.is ★★★★★1/2

„Lucas tekst það sem Stjörnustríðs-
aðdáendur vonuðu: Að loka hringnum með
glæsibrag“
Sæbjörn Valdimarsson, MBL ★★★★★

STAR WARS
EPISODE III
REVENGE OF THE SITH



SMÁRA BÍÓ
Sími 584 0000 HUGSADU STÓRT

MEGJAF
POWERSÝNINGAR
Á THX-TJALDI EFTIR
MIÐNÆTTI!

REGNBÖGINN

LAUGARÁS
BÍÓ

MEGJAF
POWERSÝNING
Í
LAUGARÁSBÍÓ KL. 12
Á STÆRSTA THX-TJALDI
LANDSINS

Star Wars EP3 B.i. 10 ára
Sýnd kl. 13, 14, 16, 17, 19, 20, 22, 23 og 1, 2, 4 eftir miðnætti
Sýnd í Lúxus kl. 12, 15, 18, 21, 00 á miðnætti og 3 eftir miðnætti

Star Wars EP3 B.i. 10 ára
Sýnd kl. 2.30, 5.30, 8.30 og 11.30

Star Wars EP3 B.i. 10 ára
Sýnd kl. 3, 4.30, 6, 9 og 12 (Power-sýning)



Sýnd kl. 2, 5, 8 og 11 B.i. 16 ára



Sýnd kl. 6 og 8



Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10



Sýnd kl. 3, 6 og 9 B.i. 16 ára



Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.15



Sýnd kl. 8 og 10.15



Sýnd kl. 10 og 11.15 eftir miðnætti
B.i. 12 ára.




Sýnd kl. 12, 2 og 4 m.isl. tali




Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10



Sýnd kl. 3, 6 og 9



Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.15



Sýnd kl. 4 m. isl. tali.



20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
JAKKAFÖTUM

JAKKAFATADAGAR NEXT

VERTU Í NÝJUM JAKKAFÖTUM ÞEGAR SELMA
VINNUR EUROVISION. 20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM JAKKAFÖTUM FRÁ MIÐVIKUDEGI TIL
SUNNUDAGS. ÖLLUM JAKKAFÖTUM FYLGIR NÝJI
EUROVISIONDISKURINN.

NEXT
KRINGLUNNI



Þarf að hreinsa og bæta sængina þína?
Komdu við hjá okkur.



DÚN & FIÐUR
SÉRVÆSLUN
LAUGAVEGI 87 • SÍMI 511 2004



EIVÖR PÁLSDÓTTIR Eivör mun ekki
syngja með Yggdrasil að þessu sinni.

Yggdrasil í Norræna húsinu

Færeyska hljómsveitin Yggdrasil heldur tónleika í Norræna húsinu
8. júní. Yggdrasil, sem spilar
djassað heimspopp, hefur verið
starfandi í 25 ár.

Undanfarin ár hefur Eivör Páls-
dóttir verið söngkona hljómsveitar-
innar og hafa tvær plötur komið út
úr því samstarfi. Vegna anna Eivar-
ar á öðrum vígstöðvum verður hún
ekki með hljómsveitinni að þessu
sinni. Í hennar stað verður Kári
Sverrisson, sem nýtur álíka virð-
ingar og Eivör í Færeyjum sem
fjölhæfur og skapandi söngvari. ■



MICHAEL HANEKE Líklegt þykir að hann
eða David Cronenberg muni hampa
Gullpálmanum eftirsóttá.

Haneke og Cronenberg heitastir

Nú þegar vel er liðið á kvik-
myndahátíðina í Cannes telja
flestir að Michael Haneke eða
David Cronenberg muni hampa
Gullpálmanum eftirsóttá. Cache,
eftir Haneke, og A History of
Violence hafa fengið prýðilega
dóma og þykja miklu aðgengilegri
en síðustu verk þeirra og þær
munu væntanlega standa sig mun
betur í miðasöluinni en síðustu
myndir leikstjóranna.

Danski leikstjórinn Lars von Tri-
er tekur einnig þátt í keppinni með
mynd sinni Manderlay sem er mjög
áþekkt síðustu mynd hans Dogville
sem fékk mjög blændnar viðtökur.
Manderlay gefur Dogville ekkert
eftir hvað það varðar og þegar
myndin var frumsýnd í Cannes
gáfust einhverjir áhorfenda upp á
henni áður en yfir lauk. ■

Sendu SMS skýtið
JA SWF á númerið
1900 og þú gætir unnið

Abalvinningur
Sony
Walkman ES5

Vinningar
Miðar fyrir 2 á StarWars III
StarWars tölvuleikur
Glæsilegur varningur
tengdur myndinni
DVD myndir og margt fleira.

Spilaðu allar
helstu semnar úr
Star Wars Episode III

12.
hver
vinnur

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skýtið.
Abalvinningur dregin út úr öllum inn sendum SMS-um.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. miðaverð á allar myndir kl. 12 um helgar í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI www.sambioin.is STARSTA KVÍKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 538 1919 • www.haskulabio.is



KVÍKMYND EFTIR ÓSKARSVERDLAUNAHAFANN PAUL HAGGIS (MILLION DOLLAR BABY)

crash

Í hraða lífsins, kemur að því að við rekumst á hvert annað.

sandra bullock don cheadle matt dillon jennifer esposito brendan fraser terrence howard chris "ludacris" bridges thandie newton ryan philippe larenz tate michael pena



crash

FURDULEGASTA ÆVINTYRI ALHEIMSINS HEFST ÞEGAR JÖRDIN ENDAR

HITCHHIKERS' GUIDE TO THE GALAXY



FRÝÐOÐ A ERMNI VINSÆLUSTU BÓK ALHEIMSINS EFTIR DOUGLAS ADAMS

FURDULEGASTA ÆVINTYRI ALHEIMSINS HEFST ÞEGAR JÖRDIN ENDAR

HITCHHIKERS' GUIDE TO THE GALAXY



Rómantísk gamanmynd með Debra Messing úr "Will & Grace" þáttunum.

DEBRA MESSING **THE WEDDING DATE** DERMOT MULFONEY



AURIEN BRODY KEIRA KNIGHTLEY

THE JACKET



ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
CRASH KL. 3.45-6-8.15-10.30 B.I. 16	STAR WARS - EPISODE III KL. 5-8-10.45	THE WEDDING DATE KL. 4-6-8.15-10.30
CRASH VIP KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16	THE WEDDING DATE KL. 8-10	HITCHHIKER 'S GUIDE... KL. 3.40-5.50-8-10.10
HITCHHIKER 'S GUIDE... KL. 3.45-6-8.15-10.30	HITCHHIKER 'S GUIDE... KL. 5.50	SAHARA KL. 10
THE WEDDING DATE KL. 4-6-8-10.10		THE ICE PRINCESS KL. 4-6-8
THE JACKET KL. 10.30 B.I. 16	AKUREYRI	
SAHARA KL. 5.30-8-10.30	THE ICE PRINCESS KL. 4-6-8	
THE PACIFIER KL. 6-8	THE WEDDING DATE KL. 8-10	
SVAMPUR SVEINSSON isl. tal KL. 4	HITCHHIKER 'S GUIDE... KL. 10	
	SVAMPUR SVEINSSON KL. 6	

ALFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

KVÍKMYND EFTIR ÓSKARSVERDLAUNAHAFANN PAUL HAGGIS (MILLION DOLLAR BABY)

sandra bullock don cheadle matt dillon jennifer esposito brendan fraser terrence howard chris "ludacris" bridges thandie newton ryan philippe larenz tate michael pena

crash

Í hraða lífsins, kemur að því að við rekumst á hvert annað.

FRUMSÝND Í DAG 

HELGA RSPRENGJA!


www.rumfatalagerinn.is

Við erum í sumarskapi, **30% afsláttur af öllum rúmteppum og flísteppum, aðeins föstudag, laugardag og sunnudag. Gífurlegt úrval, notið þetta einstaka tækifæri og gerið reyfarakaup.**

30% Afsláttur



VERÐ ÁÐUR 990,-
693,-

„BRATZ“ FLÍSTEPPI

Flísteppi fyrir stelpurnar, mjúkt og þægilegt flísteppi. St. 130x160 sm.

30% Afsláttur



St: 150x240sm + 1x50x70sm Áður **3.990,-** NÚ:..... **2.793,-**

St: 180x260sm + 1x50x70sm Áður **4.990,-** NÚ:..... **3.493,-**

St: 250x260sm + 2x50x70sm Áður **6.990,-** NÚ:..... **4.893,-**

St: 290x260sm + 2x50x70sm Áður **7.990,-** NÚ:..... **5.593,-**

30% Afsláttur



„FLORENCE“ RÚMTEPPI OG ÞÚDAVER ÚR SKINNLIKI Litir: beige og ljósbrúnt

St: 160x270sm + 1x50x70sm Áður **4.990,-** NÚ: **3.493,-**

St: 260x270sm + 2x50x70sm Áður **6.990,-** NÚ: **4.893,-**

St: 290x270sm + 2x50x70sm Áður **7.990,-** NÚ: **5.593,-**

30% Afsláttur



„RITA“ RÚMTEPPI OG ÞÚDAVER ÚR POLYESTERSATÍNI Með munstruðu organzaefni yfir. Litir: Cremað og vínrault

Stærð: 160x270sm + 1x50x70sm Áður **2.990,-** NÚ:..... **2.093,-**

Stærð: 260x270sm + 2x50x70sm Áður **4.990,-** NÚ:..... **3.493,-**

Stærð: 290x270sm + 2x50x70sm Áður **5.990,-** NÚ:..... **4.193,-**

30% Afsláttur



VERÐ ÁÐUR 990,-

NÝKOMIN BARNAFLÍSTEPPI

Margar skemmtilegar myndir. Stærð: 130 x 160 sm verð nú aðeins: **693,-** stk

VIÐ MÆLUM MEÐ...

VARSITY BLUES

Sjónvarpið kl. 21.35

Harka og vinsældir fótboltans

Mox þarf að taka á honum stóra sínum í háskólafótboltanum.

Í smábæ í Texas býr skólastrákurinn Jonath-an „Mox“ Moxon þar sem lífið snýst um amerískan fótbolta og er hann alveg að fá sig fullsaddan á því. Faðir hans hefur beitt hann þrýstingi frá því hann var barn um að spila fótbolta, en hann hefur aldrei spilað stórt hlutverk í liðinu sem hann tilheyrir í skólanum. En eftir að framvörðurinn Lance Harbor sem er lykilmáður liðsins meiðist illa verður Mox að taka hans stöðu, þar sem hann spilar undir harðri stjórn þjálfarans Bud Kilmer. En það er ekki tekið út með sældinni að vera framvörður og krefst það mikillar hörku auk þess sem staðan færir honum miklar vinsældir, ef til vill aðeins meiri en hann ræður við.



ÚR BIÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning: „Here's looking at you, kid.“

Svar: Rick úr kvikmyndinni Casablanca frá árinu 1942.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni. **12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnabing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Fókus – Umsjón: Ritsjörn Fókus. **15.03** Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteins-son, Helga Vala Helgadóttir og Helgi Seljan. **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í Bítíð **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádeggi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í Dag. **19.30** Halli Kristins

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.50** Auðlind **13.05** Uppá teningnum **14.03** Útvarpssagan: Ýmislegt um risafurur og tím-ann **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Viðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljód **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Norrænt **23.00** Kvöldgestir

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA ING-ÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNPRÚÐUR KARLSDÓTTIR **12.25** Meinhorníð (endurfl. frá laug.) **12.40** MEIN-HORNÍÐ **13.05** JÖRUNÐUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTT-URINN **17.05** GÚSTAF NIELSSON **18.00** Meinhorn-íð (endurfl.) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Fréttayfirlit **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútlit **16.10** Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **2.03** Næturtonar **6.05** Morguntónar

ÆÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin **FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni **FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying **FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni **FM 89,5 Kiss** / Nýja bítíð í bænum **FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni **FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying **FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

21.00
Spil
WORLD SERIES OF POKER. Slyngustu fjárhættu-
spilarar heims mæta til leiks á HM í póker.

SÝN
7.00 Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport
8.30 Olíssport

16.45 Þú ert í beinni! **17.45** Olíssport **18.15**
David Letterman

- 19.00** Gillette-sportpakinn
- 19.30** Motorworld Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallibílar, kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira.
- 20.00** UEFA Champions League Fréttir af leik-
mönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
- 20.30** Enski boltinn (FA Cup – Preview) Ítar-
leg umfjöllun um úrslitaleik bikar-
keppinnar sem verður í beinni á Sýn. Þá mætast Arsenal og Manchester United á Púsaldarvellingum í Wales.
- 21.00** World Series of Poker (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn.
- 22.30** David Letterman Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

23.30 NBA

POPP TÍVÍ
7.00 Meiri músík **19.00** Sjáðu (e) **21.00** Ís-
lenski popplistinn **23.00** Meiri músík

- JETIX**
12.10 Lizzie McGuire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Movicity Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies
- MGM**
12.00 Marvin & Tige **13.45** Submarine X-1 **15.15** Lambada **17.00** The Last Word **18.45** Still of the Night **20.15** The Donor **21.50** Gate II **23.20** Jinxed! **1.00** 633 Squadron
- TCM**
19.00 Where Eagles Dare **21.35** The Split **23.05** Period of Adjustment **1.00** Hysteria
- HALLMARK**
12.45 Christy: Return to Cutter Gap **14.15** Search and Rescue **16.00** Early Edition **16.45** Broken Promises: Taking Emily Back **18.30** The Hound of the Baskervilles **20.00** Law & Order Vi **20.45** Henry VIII **22.30** Follow the River **0.00** Law & Order Vii **0.45** The Hound of the Baskervilles
- BBC FOOD**
12.00 Ever Wondered About Food **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Hi Lo Club **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Tyler's Ultimate **15.00** Tyler's Ultimate **15.30** Ready Steady Cook **16.00** The Rankin Chal-
lenge **16.30** Wild Harvest **17.00** Chef at Large **17.30** Dou-
glas Chew Cooks Asia **18.00** Douglas Chew Cooks Asia **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Naked Chef **19.30** Wild and Fresh **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Coconut Coast **21.00** Coconut Coast **21.30** Ready Steady Cook

Kvikmynd eftir Óskarsverðlaunahafann Paul Haggis (Million Dollar Baby).

Sláandi og ögrandi mynd sem fengið hefur einvala dóma.

sandra bullock don cheadle matt dillon jennifer esposito brendan fraser terrence howard chris "ludacris" bridges thandie newton ryan philippe larenz tate michael peña

crash

Í hraða lífsins, kemur að því að við rekumst á hvert annað.

www.haskolabio.is www.crashfilm.com www.sambioin.is

FRUMSÝND Í DAG

REYKJAVÍKURNÆTUR > HARPA PÉTURSDÓTTIR ÁKVAÐ AÐ SÝNA LIT OG FÉKK SJOKK

Silíkon dalurinn

Ég hélt hvítasunnuna heilaga eins og flestir ungir Reykjavíkurbúar og skellti mér á djamm-ið. Þetta var enn önnur tilraun mín til að hvít-þvo mig af barnafninu sem hefur bæst fyrir aftan Hörpunafnið.

Fór á ákveðinn stað hérna öptán til að sýna lit og fékk sjokk. Þar var „Destiny's Child“ í botni, sviti í loftinu og hálfber brjóst á fleygiferð úti um allt. Héðan í frá kalla ég þennan stað engu öðru nafni en „Silicon Valley“ Hvað er eiginlega málið? Ég get svo svarið það að bróður-partur kvenþjóðarinnar þarna inni var með feik brjóst og jafnvel meira en það. Þetta er orðið svona eins og að eiga diesel-gallabuxur sem einmitt allir virðast eiga nóg af. Ekki nóg með að vera með silíkonbrjóst heldur voru þær flestar í hrikalega flegnum bolum svo það færi örugglega ekki á milli mála að þau sæjust. Hver væri líka ánægjan af þessu ef ekki sæist í

öll herlegheitin? Klæðnaðurinn var þessi: hlýrabolir með blúndu, maginn ber á milli, gallabuxur og stór belt. Ég hefði ekki séð nokkurn mun á stúlkunum þarna inni ef ég væri hið minnsta sjóndöpur.

Er þetta sem sagt það sem virkar best á karlmennina í þessu landi? Það eiginlega hlýtur að vera því ekki hef ég brjóstin að bera til að klæða mig svona og það er ekkert brjálæðislega mikið að gera þessa dagana í mínum málum!

En svona í alvöru talað, er snúdukt að heilla menn með svona áfestum hlutum? Er ekki betra að höfða til þeirra með öðrum með-fæddum eiginleikum eins og persónuleika og skemmtilegheitum? Eg er líka á því að þeir karlmenn sem laðast að stórum brjóstum séu fullorðin smábörn í leit að móðurmynd.


Sá auglýsingu í erlendu tímariti um daginn sem lýsir einmitt þessu: þar voru „fyrir og eftir“ myndir af konu í flegnum jakka með yfirskriftinni: „Komdu til dyranna eins og þú ert klæddur!“. Svosum ekkert skrytið við það nema það að „fyrir“ myndin var af konu með stór brjóst og „eftir“ myndin af sömu konunni með frekar lítil brjóst. Þetta fannst mér algerlega hitta í mark og myndin ein lýsir einmitt því sem ég vil meina!

En einhver vitringurinn sagði þó að fólk ætti að líta út eins og því líður best og þess vegna ætti ég að kynja þessum yfirlýsingum mínum og játa réttmæti þeirrar staðhæfingar og hætta að væla. Það ríkir jú tal- og prentfrelsi á þessu landi en líka útlitsfrelsi!



HRÓSIÐ

...fær Vala Matt fyrir að þora að breyta til og ráða sig á nýja sjónvarpsstöð.



Lárétt: 1 fiskurinn, 6 flana, 7 kyrrð, 8 tónn, 9 gremja, 10 snjó, 12 hreyfast, 14 sekk, 15 á nótu, 16 neysla, 17 svar, 18 óbundinn.

Lóðrétt: 1 drykkur, 2 dvelja, 3 sólgúð, 4 andstreymið, 5 skipstjóri, 9 flani, 11 skjóla, 13 svara, 14 tunga, 17 tónn.

Lausn. Lárétt: 1 murtan, 6 ana, 7 ró, 8 la, 9 amí, 10 snæ, 12 íða, 14 mál, 15 an, 16 átt, 17 ans, 18 laus. Lóðrétt: 1 mál, 2 una, 3 ra, 4 armæðan, 5 nóí, 9 aní, 11 fæta, 13 ansa, 14 mál, 17 as.



EINAR KÁRASON Er að gera handrit eftir bókinni sinni Stormur ásamt Óskar Jónssyni.

EINAR OG ÓSKAR: SKRIFUÐU UPPKAST YFIR HVÍTASUNNUNA

Hver verður Eyvindur Stormur?

Það er mikil gróska í íslenski kvikmyndagerð og ljóst að margar íslenskar kvikmyndir munu líta dagsins ljós á næstu nni.

Stefán Máni er um þessar mundir að skrifa handrit eftir eigin bók, Svartur á leik. Um hvítasunnuhelgina hittust svo rithöfundurinn Einar Kárason



ÓSKAR JÓNASSON Er ekki að vinna með Einari Kárasyni í fyrsta skipti en þeir gerðu handritið að sjónvarpsmyndinni Rót saman.

og leikstjórinn Óskar Jónasson og byrjuðu að skrifa fyrsta uppkastið að handriti eftir bók Einars, Stormur. „Við erum langt komnir með þetta,“ sagði Einar í samtali við Fréttablaðið.

Bókin segir frá sagnamanninum Eyvindi Jónssyni Stormi sem hingað til hefur verið heldur iðjulaus. Ein jóln vantar bókaforlag rithöfund og vinunum verður hugsað til hans. Sögusviðið er í Bandaríkjunum, á Íslandi og í Óðinsvém í Danmörku, heimabæ sagnameistarans H.C. Andersen og er ekki reiknað með öðru en að kvikmyndin verði tekin á þessum stöðum. „Við skrifum allavega handritið með þeim huga,“ segir Einar og er ánægður með samstarf

hans og Óskars hingað til. „Ég hef unnið mikið með Friðriki Þór en mér hefur alltaf fundist það sem Óskar hefur gert, bæði í sjónvarpi og í kvikmyndum, vera mjög skemmtilegt,“ segir Einar en þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem þeir vinna saman. „Við gerðum einu sinni handrit saman fyrir sjónvarpsmyndina Rót.“

Það var kvikmyndafélagið Umbi sem átti hugmyndina að gerð myndarinnar og kom að máli við Einar. „Mér leist bara nokkuð vel á þetta. Þeir inntu mig eftir heppilegum leikstjóra og ég nefndi Óskar, sem var dálítið skondið þar sem þeim hafði dottið hann líka í hug,“ segir Einar sem hafði þó ekki þælt í því hvort bók-in hans, Stormur, ætti eftir að enda á hvíta tjaldinu.

freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil spenna er fyrir landsfund Samfylkingarinnar, sem hefst í Egilshöll í Grafarvogi í dag enda skýrist brátt hvort **Óssur Skarphéðinsson** verður áfram formaður flokksins eða hvort svilkona hans, **Ingbjörg Sólrún**, tekur við. Samfylkingarfólk á eflaust eftir að fjölmenna í Egilshöll til að styðja við bakið á sínu fólk. Þó er ljóst að sjálfur borgarstjórinn, **Steinunn Valdís Óskarsdóttir**, verður fjarri góðu gamni þar sem hún er stödd í San Francisco ásamt **Haldóri Ásgrímssyni** forsætisráðherra í kynningarferð á vegum Flugleiða, en fyrirtækið er að opna beina flugleið þangað frá Íslandi. Þar sem **Ólafur Ragnar Grímsson** forseti er staddur í Kína er ljóst að valdamesta fólk landsins er fjarri góðu gamni. Sumir vilja því meina að valdamesti maður landsins um þessar mundir, að minnsta kosti í opinbera geiranum, sé **Gunnar Ingi Birgisson** verðandi bæjarstjóri í næststærsta sveitafélagi landsins.



Í nýttkomnu flugtímariti er lærd grein um Eurovision-keppnina sem hófst í gærkvöldi. Þar skrifar breskur blaðamaður meðal annars um fimm uppáhaldslögin sín í keppninni í gegnum árin. Það kemur kannski fáum á óvart að lagið *Waterloo* með **Abba** er þar efst á blaði en það sem vekur meiri athygli er að sjá þar *Minn hinsta dans* með **Páli Óskari** á listanum. Þrátt fyrir að lagið hafi engan veginn fallið í kramið árið 1997 og lent í 20. sæti virðist það síður en svo vera gleymt og grafið. Hljóta það að teljast góð tíðindi fyrir Eurovision-sérfræðinginn Pál Óskar.



HLJÓMSVEITIN SKE Hún hitaði upp fyrir Robert Plant og félagá fyrir skömmu en er nú á leið til Danmerkur.

Ske leikur á tónlistarhátíðinni Spot 11

Hljómsveitin Ske leikur á dönsku tónlistarhátíðinni Spot 11, sem haldin verður í Árósum dagana 10. og 11. júní. Rúmlega hundrað hljómsveitir leika á hátíðinni en auk Ske mun Eivör Pálsdóttir troða upp þar.

Ske spilar þann ellefta á Spot 11 en daginn áður leikur hún á tón-

leikastaðnum Rust í Kaupmannahöfn.

Ágústa Eva Erlendsdóttir heitir nýja söngkonan í Ske en hún tók við hlutverki Ragnheiðar Gröndal. Ágústa söng meðal annars með Ske í Laugardalshöll þegar sveitin hitaði upp fyrir Robert Plant og félagá. „Ágústa stóð sig glimrandi

vel og hún verður með okkur á hátíðinni,“ segir Guðmundur Steingrímsson, hljómborðsleikari í Ske. „Það var gaman að prófa að spila í Höllinni. Ég hef aldrei spilað þar áður. Það var ákveðið kikk enda er það orðið hátindur íslenskra hljómsveita að spila þar,“ segir Guðmundur hlæjandi. ■



Veldu nýjan Focus

Nýtt tákni um gæði

► Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en helstu keppinautarnir. Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus. ESP stöðugleikastýrikerfi, TRACS spólvörn, loftkæling og öryggispúðagardínur eru þar á meðal. Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppst 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun!

Pegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Ford Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Veldu nýjan Focus - nýtt tákni um gæði..!




Ford Focus hefur hreppst 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.

Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

Kaupverð	5 girá	Sjálfskiptur
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6	1.790.000 kr.	1.884.000 kr.
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6	1.890.000 kr.	1.984.000 kr.
Ford Focus 4 dyra Trend 1,6	1.940.000 kr.	2.034.000 kr.
Ford Focus Wagon Trend 1,6	1.990.000 kr.	2.084.000 kr.

Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest seldu bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sæti á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford nú annað vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- ESP stöðugleikastýrikerfi
- TRACS spólvörn
- Loftkæling
- Stíllanlegur hiti í framsætum
- Öryggispúðar að framan
- Öryggispúðar í hliðum
- Öryggispúðagardínur
- ABS hendlakerfi
- EBD hendlajöfnun
- EBA hjálparhaglun
- Friðkornasía
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Rafstíllir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan (3d og 5d)
- Fjarstýrt samlæsing
- Fjölstíllanlegt stýri
- Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
- Fjarstýring fyrir hljómteki
- Aksturstólva og útihitamælir

Hægt að fá aukalega:

- Bluetooth® fyrir síma
- AFS Halogen beygjuljós
- DVD spilari í lofti og skjár
- Fjölengi fyrir heyrnartól
- Kæling í hanskahólfi
- Leiðsögukerfi með litaskjá
- 6 diska Sony hljómteki
- Bakkskynjari
- Regnskynjari
- Leður- eða sportsæti
- Rafdrifid ökumannss
- Raddstýring fyrir:
 - hljómteki
 - síma
 - leiðsögukerfi
- Aðfellanlegir speglar
- Hiti fyrir alla framrúðuna
- Sólarvörn í framrúðu
- Sportfjórur
- Sjálfráttur „dimmer“ á baksýnispegli
- Hraðastíllir
- Rafdrifin sólluga

■ Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 girá*
Kaupverð 1.790.000 kr.
Bílasamningur 18.770 kr.

■ Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 girá*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 19.816 kr.

■ Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 girá*
Kaupverð 1.940.000 kr.
Bílasamningur 20.350 kr.

■ Focus Trend Wagon 1,6i 5 girá*
Kaupverð 1.990.000 kr.
Bílasamningur 20.865 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvornig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvornig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erf. myntkarfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum er áfælgur.



Öruggur staður til að vera á

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Besti
vinurinn
Léttur öllari



BAKÞANKAR

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

Skemmtileg Íslandssaga

Það getur stundum verið snúið að vera íslenskur kvenmannsbelgur í Ameríku. En ekki vegna þess að eitthvað sé að heimamönnum. Hér er örugglega kurteisasta og elskulegasta fólk á byggðu bóli. Ástæðan er öllu heldur sú aðferð sem brúkuð er til þess að koma litla stórmennskubrjálada Íslandi á kortið. Nýjasta afrekið er kynning á landi og þjóð í þætti Opruh.

EKKI sá ég téða kynningu og hafði svo sem ekki hitt neinn sem sá hana, fyrr en ég fór í boð eitt síðastliðið laugardagskvöld, þar sem konur tvær höfðu séð þáttinn. Þær spurðu umsvifalaust hvernig íslenskt þjóðfélag stæðist ef fólk gerði ekkert annað en að drekka brennivín og gera dodo.

ÞAÐ vakti furðu þeirra að ég, íslensk kona, skyldi vera mætt, ódrukkinn og uppistandandi, í boð. Þær höfðu einhvern veginn gert sér þá hugmynd um íslenskar konur að þær kæmust aldrei af bakinu. Lægju bara útaf, með gallonsflösku af spíra og rör í lúðrinum til þess að þurfa ekki að lyfta sér of mikið upp á meðan þær tækju á móti gestum og gangandi af hinu kyninu. Skemmtileg Íslandssaga þáð.

EFTIR því sem lengra leið á kvöldið, fréttu fleiri af þættinum, því konurnar tvær voru lúsiðnar í fréttaburðinum. Ég gat vel spæjað hversu margir fengu að vita allt um okkur íslensku subburnar, því þær bentu á mig í hvert sinn sem þær hófu nýja sögustund. Menn hristu höfuðið og horfðu sorgmæddir á þetta rarítet frá Íslandi og þegar boðinu lauk og mín var að kveðja, vatt sér að henni maður sem sagði ósköp vinalega: „Þú ættir að koma því til skila til fólks á Íslandi að þetta sé ekki heppileg markaðssetning. Það er eins og það búi bara húsvagnahyski þar,“ og svo rifjaði hann það upp að fyrir nokkrum misserum hefði „eitthvert“ flugfélag boðið helgarferðir upp á íslenskar konur.

ÉG var ekkert að segja honum að það sama flugfélag væri nú að hefja beint flug til San Fransískó. Lét bara eins og það væri ekki lengur flogið til Íslands, dreif mig heim og velti fyrir mér að sækja um ríkisborgararétt í Færeyjum. Þaðan fréttist fátt.

Grillaðu í kvöld!

Hjá ESSO fæst úrval gasgrilla á sjóðheitu verði. Þú getur fengið grillið sent heim samdægurs, án endurgjalds, samansett og tilbúið til notkunar.* Auðveldara getur það ekki verið. Grillaðu með ESSO í sumar!

*Boðið er upp á heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.

GRILLIÐ SENT HEIM
GJAFTEIÐ OG
SAMANSETT

ESSO

GÆÐINGARNIR

ERU HÉR


Í nýlegu hefti TIME magazine birtist úttekt á öllum helstu framleiðendum heims á sviði LCD veggisjónvarpstækja. Þá kemur í ljós – eins og við reyndar vissum – að **við seljum LANG-vinsælustu veggisjónvörp veraldar.**



TIME MAGAZINE
MAY 9, 2005

Heimsmarkaðshlutdeild í LCD veggisjónvörpum:

Skv. úttekt TIME magazine



SHARP



SAMSUNG



Finnst þér virkilega ástæða til að leita eitthvert annað?

ORMSSON
SMÁRALIND

SÍMI 530-2900

RÁÐIÖNAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Auglýsingaséðs Guðrúnar Ónu